EINAR ÞORVARÐARSON

*Steig í fyrsta sinn í skíðaklossa í janúar*

Ferðir Bílar Börn Heimili

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




VERKTAKAR

*Sprengir í sátt við álfa og menn*

Sérblað um verktaka og framkvæmdir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




SIGURÐUR EGGERTSSON

*Hannar umslag fyrir Gnarls Barkley*

Glatað verkefni fyrir kjánalega hljómsveit

FÓLK 30



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT


6. febrúar 2008 — 36. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



### Snýr aftur í útvarpið

Sverrir Stormsker snýr aftur á öldur ljósvakans með útvarpsþáttinn Miðjuna á Útvarpi Sögu.

FÓLK 30

### Sakamálareyfari

„Mál franska bankans Société générale sem tapaði í einu bretti 4,9 milljörðum evra vegna bankastarfsmannsins sem fór að spila sóló fær sífellt meira á sig svip sakamálareyfara,“ skrifar Einar Már Jónsson.

Í DAG 12

### Réttur allra barna í dag

Dagur leikskólans er haldinn í fyrsta sinn í dag á sjálfan öskudaginn.



TÍMAMÓT 16



### Hlynur bestur

Hlynur Bæringsson var kosinn besti leikmaður umferða 9-15.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART EYSTRA** Í dag verður fremur stíf suðvestan átt. Éljagangur sunnan til og vestan en bjart austan til á landinu. Hiti nálægt frostmarki með ströndum, annars vægt frost.

VEÐUR 4

# Bónus mátti ekki selja mjólk á krónu

**Samkeppniseftirlitið telur að Hagar hafi brotið samkeppnislög þegar verðstríð Bónuss og Krónunnar hófst með undirverðlagningu á mjólk. Forstjóri Haga telur ekki að lög hafi verið brotin. Þungar sektir kunna að vofa yfir Högum.**

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið telur, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, að Hagar hafi brotið gegn samkeppnislögum sumarið 2006, þegar mjólk var seld fyrir nánast ekki neitt í verslunum Bónuss. Keppinautar fylgdu fordæminu.

„Það ber mikið í milli í málinu,“ segir Finnur Árnason, framkvæmdastjóri Haga, móðurfélags Bónuss. „Við teljum að verðlagning í Bónus hafi ekki valdið skaða, heldur hafi neytendur notið hennar að fullu,“ segir Finnur.

Eftirlitið telur að brotið hafi verið gegn 11. grein samkeppnislaganna um misnotkun markaðsráðandi stöðu.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að málið sé til meðferðar og Hagar hafi sent eftirlitinu röksemdir sínar.

Samkeppniseftirlitið hefur ekki lokið umfjöllun um málið og er óvíst hvenær henni lýkur.

Meint brot á samkeppnislögum kunna að kalla á „verulega íþyngjandi viðurlög,“ að því er fram kemur í andmælaskjali sem Samkeppniseftirlitið sendi Högum í nóvember. Samkvæmt samkeppnislögum er heimilt að krefjast sektargreiðslu sem nemur allt að tíu prósentum af veltu fyrirtækis, vegna brota á lögunum.

Velta Haga er um fimmtíu milljarðar króna en óvíst er hver velta Bónuss er.

Upphaf málsins má rekja til verðstríðs Bónuss og Krónunnar sem hófst árið 2005. Þá var mjólkurlítrinn meðal annars seldur fyrir krónu. Samkeppniseftirlitið ákvað svo sumarið 2006 að hefja skoðun á matvörumarkaði.

Eysteinn Helgason, framkvæmdastjóri Krónunnar, vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. **- ikh/Sjá Markaðinn**




**MEÐ PABBA Í VINNUNNI** Frí í skólanum varð til þess að Ingveldur Esperansa Össurardóttir varði gærdeginum með föður sínum iðnaðarráðherranum. Hún fylgdist með skylmingum stjórnarandstöðu og stjórnarliða í þinginu en fékk á hinn bóginn ekki að sitja ríkisstjórnarfund um morguninn. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Samtals 132 í fangelsum landsins, þar af 21 útlendingur:

# Um 140 dæmdir brotamenn lausir

**FANGELSISMÁL** Samtals 144 brotamenn sem dæmdir hafa verið í óskilorðsbundna fangelsisrefsingu hafa ekki hafið afplánun í fangelsum landsins, samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið fékk í gær hjá Fangelsismálastofnun ríkisins.

Til viðbótar þessu eru um það bil 25 einstaklingar sem nýverið hafa hlotið dóma, en ekki er formlega búið að boða inn til afplánunar. Hluta þessara 169 brotamanna verður ef til vill heimilað að afplána með samfélagsþjónustu.

Alls eru 129 einstaklingar í afplánun óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga; 120 karlar og níu konur. Af þessum hópi eru fangar í fangelsum 110, þar af sjö konur. Þeir nítján sem ekki eru innan veggja fangelsa eru til að mynda á Vernd, Sólheimum, meðferðarheimilum og fleiri stofnunum. Af þeim sem afplána refsivist nú eru 94 Íslendingar og 16 útlendingar. Þar af eru níu útlendingar sem ekki eru búsettir hér á landi.

Í gæsluvarðhaldi voru í gær 22 einstaklingar, allt karlmenn og tveir yngstu 16 ára. Af þessum hópi eru fimm útlendingar. Sex eintaklingar eru í einangrun og 16 eru í lausagæslu. Samtals eru því í fangelsunum landsins nú 132 einstaklingar, þar af 21 útlendingur. **- jss**



**ERFIÐ ÁKVÖRÐUN** Foreldrarnir þurftu að láta dóttur sína falla af fjórðu hæð. NORDICPHOTOS/AFP

Erfiðar aðstæður í eldsvoða:

## Þurftu að láta barnið sitt falla

**ÞÝSKALAND, AP** Foreldrar níu mánaða stúlkubarns þurftu að taka þá erfiðu ákvörðun að láta dóttur sína falla niður fjórar hæðir þegar þau voru föst í íbúð sinni vegna eldsvoða í byggingu í þýsku borginni Ludwigshafen á sunnudag. Lögreglumanni tókst að grípa barnið heilt á húfi. Foreldrarnir komust lífs af, en níu manns létust, þar af fimm börn.

Nokkrir stukku út um glugga en hittu ekki á björgunarnet. „Aðkoman var svo hræðileg að sumir þeirra sem tóku þátt í aðgerðum vildu hætta í vinnunni eftir þetta,“ sagði Wolfgang Fromm lögreglustjóri. **- sdg**

Íslendingar í Tíbetmaraþon:

## Hlaupa í 3.650 metra hæð

**FÓLK Ferðaþjónusta bænda býður upp á ferð til Indlands í sumar, þar sem 35 ferðalangar munu hlaupa maraþon á Tíbetsháslettunni. Maraþonið hefur verið útnefnt hið erfiðasta sem völ er á í heiminum af tímaritinu Forbes, en það fer fram í um 3.650 metra hæð yfir sjávarmáli.**

**„Hæðin er svo mikil að fólk þarf að fara í töluverða hæðaraðlögun áður en það hleypur,“ útskýrir Hugrún Hannesdóttir, sölustjóri utanlandsdeildar. Hún finnur fyrir aukinni eftirspurn eftir ferðum þar sem hreyfingu og ferðamannastöðum er gert jafn hátt undir höfði. - sun / sjá síðu 30**

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG







Hágæða nuddbaðker með og án nudds sem koma þægilega á óvart...

TENGI

Opið virka daga 8.00 -18.00 • laugardaga 10.00 -15.00

Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogi • www.tengi.is • Baldursnesi 6 • 603 Akureyri

OPAL

## SPURNING DAGSINS



*Lárus, fannst þér þetta taktlaust af strákunum?*

„Ekki taktlaust, en þeir eru kannski nett agalausir, smá atvinnulausir en þó fyrst og fremst tímalausir.“

Hljómsveitin Jakobínarína hefur lagt upp laupana. Lárus Jóhannesson, annar eigandi 12 tóna, útgefanda sveitarinnar, segir tímasetninguna afar slæma því mikil vinna hafi verið lögð í markaðssetninguna og sveitin hafi fengið virkilega góð viðbrögð í Evrópu.

Anthony Lee Bellere dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir gróf kynferðisbrot:

# Tældi stúlkur á netinu og nauðgaði

**DÓMSMÁL** Rúmlega fertugur karlmaður, Anthony Lee Bellere, hefur verið dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir nauðganir, ósiðlegt athæfi og vörslu barnakláms. Hann nauðgaði tveimur stúlkum, þá fjórtán og sextán ára, og klæmdist við aðra tólf ára á netinu og í gegnum síma. Brotin voru framin á árunum 2005 og 2006.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að maðurinn hafi kynnst stúlkunum á netinu og logið að þeim að hann væri mun yngri. Tvær þeirra tældi hann heim til sín og nauðgaði; annarri fimm sinnum en hinni einu sinni. Þá þriðju áreitti hann kynferðislega á netinu og í síma með klámfengnu tali og skrifum.

Þess utan fannst barnaklám í farsíma hans; tvær ljósmyndir sem sýna stúlkubörn á kynferðislegan og klámfenginn hátt.

Fyrir þessi brot var Anthony dæmdur til fjögurra ára fangelsisvistar. Hann var látinn greiða stúlkunum samtals 1,8 milljónir króna, auk 1,6 milljónar í sakarkostnað. - sþs

### VARGUR Á INTERNETINU

- Anthony kynntist stúlkunum þremur á netinu, yfirleitt í gegnum MSN-samskiptaforritið.
- Þar notaði hann meðal annars netföngin reykur1@hotmail.com, ususs1@visir.is og ususs4@visir.is.
- Við tvær stúlkur sagðist hann vera Maggi, átján ára gamall. Sú þriðja hélt hann vera Gunna, nítján ára.
- Maðurinn á að baki langan sakaferil og hefur hlotið 25 refsidóma frá árinu 1983. Þeir hljóða samtals upp á ellefu ára óskilorðsbundið fangelsi.
- Síðast var hann dæmdur í Hæstarétti í febrúar á síðasta ári fyrir ölvunarakstur og að aka bifreið án ökuleyfis.

Föst á tindi Þríhyrnings:

# Þyrlan smalaði hrossunum

**BJÖRGUN** Þyrla Landhelgisgæslunnar smalaði hrossum ofan af fjallinu Þríhyrningi um klukkan eitt í gær. Verið var að reka hrossin heim á sunnudag þegar þau þustu upp á fjallstindinn, og komu ekki niður.

Eftir að hafa reynt að ná þeim niður af tindinum ákváðu bændurnir sem áttu hrossin að leita aðstoðar lögreglu. Þeim að óvörum kom þyrla Landhelgisgæslunnar á staðinn, flaug upp á topp og rak hrossin niður hlíðina.

„Þeir redduðu okkur þarna, þetta var alveg glæsilegt,“ segir Viðar Pálsson, bóndi í Fljótshlíð. „Þeir tóku vel í þá hugmynd að kíkja á þetta sem æfingu.“ - sþs

Magnús Scheving í London:

# Fundar með David Cameron

**FÓLK** Magnús Scheving hittir formann breska Íhaldsflokksins, David Cameron, á lokuðum einkafundi á morgun. Magnús segir að Cameron hafi sjálfur óskað eftir fundi við sig. „Cameron er mikill talsmaður aukinnar heilsuverndar og gerir mikið út á þá ímynd sína,“ segir Magnús. Eftir einkafundinn heldur Magnús fyrirlestur í tuttugu manna lokuðum hópi. Þar verða meðal annars fulltrúar hjartaverndarsamtaka, sykursjúkra og stórfyrirtækja.



MAGNÚS SCHEVING

Breska blaðið Telegraph greindi frá því í gær að Latibær og Sportacus eða Íþróttaálfurinn yrðu andlit sérstakrar herferðar flokksins gegn offitu barna en Magnús segir það af og frá. „Við höfum verið í góðu samstarfi við heilbrigðisráðherra Breta sem kemur úr Verkamannaflokknum þannig að Latibær er í raun þverpólitískur í Bretlandi,“ segir Magnús. - fgg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bílvelta við Bæjarháls

Bíll valt við Bæjarháls til móts við hús Orkuveitu Reykjavíkur klukkan hálf níu í gærkvöldi. Tvennt var í bílnum en hvorugt slasaðist. Bíllinn var óökufær eftir veltuna og var dreginn á brott með kranabíl. Samkvæmt upplýsingum lögreglu er ekki ljóst hvernig slysið bar að.

### Slasaðist á skíðasvæði

Drengur slasaðist á skíðasvæði Ísfirðinga í gærkvöldi þegar hann lenti á kyrrstæðum snjótroðara. Hann fékk skurð á höfuðið og heilahristing og var því fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur og verður þar til eftirlits.

# Dómari hótaði að fresta þinghaldi í þvagleggsmáli

**Hart var tekist á í dómssal Héraðsdóms Suðurlands í gær í aðalmeðferð svokallaðs þvagleggsmáls. Verjandi gerði harða hríð að lögreglustjóra, sem hélt ró sinni. Dómari hótaði að fresta þinghaldi.**

**DÓMSMÁL** Hart var tekist á í svokölluðu þvagleggsmáli í Héraðsdómi Suðurlands í gær. Á endanum hótaði Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari að fresta þinghaldi ef verjandi héldi áfram að spyrja sömu spurninga í síbylju.

Málið sem um ræðir átti sér stað í mars á síðasta ári, þegar tekið var þvagsýni úr konu með þvaglegg á lögreglustöðinni á Selfossi, eftir að hún hafði ekið út af rétt við Þingborg. Nota þurfti valdbeitingu við sýnatökuna, sem hjúkrunarfræðingur og læknir önnuðust. Reyndist umtalsvert magn af alkóhóli í blóði konunnar.

Vitnaleiðslur hófust á því að tveir ökumenn sem komið höfðu að bíl konunnar úti í skurði á mismunandi tímum báru að hún hefði neitað boði þeirra um að hringja á lögreglu. Við þann sem fyrr kom að hefði hún sagt að hún „þyldi ekki lögguna“. Báðir ökumennirnir báru að konan hefði verið „eitthvað skrýtin“ og töldu líklegt að hún hefði verið undir áhrifum áfengis. Konan sjálf hafði hins vegar borið það fyrir rétti að drengir sem komið hefðu að bíl sínum á undan þessum tveimur umræddu hefðu gefið sér drykk.



ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON

Verjandi konunnar, Jón Egilsson hdl., gerði harða hríð að Magnúsi Jóhannssyni, prófessor í eiturefnafræði, sem bar vitni símleiðis. Verjandinn vildi fá fram að þvagsýnistakan hefði verið ónauðsynleg, þar sem blóðprufa hefði verið tekin úr konunni skömmu eftir að lögregla kom að henni. Prófessorinn taldi þvagsýnatöku í tilvikum sem þessum aldrei ónauðsynlega. Að endingu bað dómari verjandann að halda sig við sakarefnið.

Ólafur Helgi Kjartansson lögreglustjóri kom fyrir dóm sem vitni, þar sem konan byggði vörn sína um ætluð brot hennar gegn valdstjórninni á því að ákvörðun lögreglu um að taka af henni þvagsýni með valdbeitingu hefði verið ólögleg og ónauðsynleg.

Verjandinn gerði aftur harða hríð, nú að lögreglustjóranum, og spurði hann ítrekað út í hver hefði tekið ákvörðun um valdbeitingu við þvagsýnatökuna og hvaða verklagsreglum lögreglan á Selfossi ynni eftir. Lögreglustjóri svaraði spurningum verjandans í fyrstu, en þegar þær voru endurteknar svaraði hann einungis: „Ég hef svarað þessari spurningu, dómari.“ Á þessu þófi gekk um sinn, þar til dómari tjáði verjanda að hann myndi fresta þinghaldi héldi það áfram með þessum hætti. Þá hófst málflutningur.

jss@frettabladid.is



Í DÓMSSAL Jón Egilsson hdl. ásamt skjólstæðingi sínum í Héraðsdómi Suðurlands. Aðalmeðferð málsins lauk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ORÐRÉTT Í DÓMSSAL

„Mér finnst hann sleppa billega ef á að skauta framhjá svona.“
Jón Egilsson verjandi, eftir að Ólafur Helgi Kjartansson lögreglustjóri hafði vitnað í Hæstaréttardóm um nauðsyn þvag- og blóðsýna til að skera úr um áfengisneyslu.

„Ég hef þegar svarað þessari spurningu ítrekað.“
Ólafur Helgi Kjartansson lögreglustjóri um spurningar Jóns Egilssonar verjanda.

„Má ég spyrja fyrst, svo förum við bara rólega í þetta.“
Jón Egilsson verjandi við dómara.

„Dómari, þarf ég að sitja undir einræðu verjanda?“
Ólafur Helgi Kjartansson í miðju málþófi Jóns Egilssonar verjanda.

„Ég óska eftir því, dómari, að fá úr því skorið hvort verið sé að yfirheyra mig sem sakamann eða vitni hér.“
Ólafur Helgi Kjartansson lögreglustjóri.

„Ef verjandi er ekki betur undirbúinn en þetta þá er þessu lokið. Nei, ég gef þér ekki eina mínútu.“
Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari við Jón Egilsson verjanda.




Mánaðamótin kvíðvænleg í Alþjóðahúsi og áætlanir í uppnámi:

# Alþjóðahús án framlaga borgarinnar

**REYKJAVÍKURBORG** Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við Alþjóðahúsið var ekki endurnýjaður 1. febrúar eins og fyrrverandi meirihluti borgarstjórnar hugðist gera en meirihlutaskipti urðu 21. janúar. Fulltrúar Alþjóðahússins hafa reynt að ná tali af Ólafi F. Magnússyni borgarstjóra og Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, formanni borgarráðs, og lagt fyrir þá skilaboð en án árangurs.

Þjónustusamningarnir til Alþjóðhússins hafa kveðið á um að fjárframlögum sé úthlutað í janúar og júní. „Við höfum ekki fengið neitt framlag á þessu ári og því er tilhugsunin til næstu mánaðamóta fremur óþægileg, sérstaklega þar sem ekki hefur enn verið skrifað undir neinn samning,“ segir Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins. Þá eru áform um opnun nýrrar þjónustumiðstöðvar í Fellahverfi einnig í uppnámi en fyrrverandi meirihluti hafði tekið ákvörðun um að standa straum af þeim kostnaði. Segir Einar afar óþægilegt að vita ekki afstöðu nýs borgarstjórnarmeirihluta til fyrirhugaðra framkvæmda í Breiðholti og þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hafi hann ekki fengið svör um það mál frá nýjum ráðamönnum borgarinnar. Hann segist þó ekki trúa öðru en þverpólitísk samstaða geti orðið um þessi mál.



ÁÆTLANIR Í UPPNÁMI Fyrrverandi meirihluti í Reykjavík hafði að sögn Einars tekið ákvörðun um að standa straum af kostnaði við opnun þjónustumiðstöðvar í Fellahverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

„Fyrsti fundur okkar verður haldinn á fimmtudaginn, málefni Alþjóðahússins eru reyndar ekki á dagskrá þá en við munum taka þetta fyrir innan skamms,“ segir Sif Sigfúsdóttir, formaður mannréttindanefndar. - kdk

**ISUZU D-MAX**

ISUZU

# MJÖG VEL ÚTBÚINN Á MJÖG GÓÐU VERÐI

## KOMDU OG REYNSLUAKTU SJÁLFSKIPTUM 3.0 LÍTRA DÍSIL ISUZU D-MAX

Nýr Isuzu D-Max er einn hagstæðasti og best útbúni farkostur sem völ er á. Ný aflmikil 3.0 lítra dísilvél með 3000 kg dráttargetu, aksturstölva, ABS-hemlakerfi, þokuljós, hraðastillir, útvarp og geislaspilari með 6 hátölurum, loftkæling og margt fleira.

**ISUZU D-MAX**

**2.890.000 kr.** sjálfskiptur
**2.790.000 kr.** beinskiptur




| GERÐU SAMANBURÐ | Isuzu D-Max | Hilux |
|---|---|---|
| Vélarstærð | 3.0 l | 3.0 l |
| Hámarkstog (Nm/snm) | 360/1800-3600 | 343/1400-3400 |
| Verð með sjálfskiptingu | 2.890.000 kr. | 3.455.000 kr. |

ENNEMM / SÍA / NM32852



## Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

IH INGVAR HELGASON

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrismýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

## GENGIÐ 05.02.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 65,07 | 65,39 |
| Sterlingspund | 128,09 | 128,71 |
| Evra | 95,53 | 96,07 |
| Dönsk króna | 12,816 | 12,89 |
| Norsk króna | 11,912 | 11,982 |
| Sænsk króna | 10,164 | 10,224 |
| Japanskt jen | 0,6045 | 0,6081 |
| SDR | 102,94 | 103,56 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

126

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hjúkrunarfræðingar ætla á fund Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra:

# Afhenda launaseðlana sína

**KJARAMÁL** Hjúkrunarfræðingar eru að safna saman launaseðlum til að afhenda Guðlaugi Þór Þórðarsyni heilbrigðisráðherra. Með þessu ætla hjúkrunarfræðingar að leiðrétta þann misskilning sem þeir telja að ríki um kjör þeirra. Þetta var ákveðið á nýlegum stofnfundi ungliðadeildar hjúkrunarfræðinga en mun ná til allra hjúkrunarfræðinga.

Guðlaug I. Einarsdóttir, hjúkrunarfræðingur á krabbameinsdeild, segir að þetta verði kynnt betur fyrir hjúkrunarfræðingum á fundi í næstu viku. Farið verði sem víðast þannig að öllum hjúkrunarfræðingum gefist kostur á að leggja í púkkið.



**SAFNA SAMAN SEÐLUNUM** Hjúkrunarfræðingarnir Guðlauga I. Einarsdóttir og Úlfhildur Guðjónsdóttir safna seðlunum.

Byrjunarlaun hjúkrunarfræðinga eru 220 þúsund króna grunnlaun eftir fjögurra ára háskólanám og þriggja mánaða reynslu í starfi, að sögn Guðlaugar, ekkert sé borgað aukalega og hjúkrunarfræðingum gangi illa að fá álagsuppbót þó undirmannað sé á mörgum deildum.

Grunnlaun hjúkrunarfræðinga eru „ekki neitt," að sögn Örnu Huldar Sigurðardóttur, formanns Curators félags hjúkrunarfræðinema. Hún segir að hjúkrunarfræðingum takist að hysja upp launin ef þeir vinni á kvöldin og um helgar og geti þá fengið ágætis heildarlaun en það gleymist að þeir séu þá að vinna fulla vinnu og taka aukavaktir. Í þessu felist aðal misskilningurinn.

- ghs

Hlaut fjörutíu daga skilorð:

# Sendi stúlkum klámmyndir

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í fjörutíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að senda þremur unglingsstúlkum klámfengnar myndir af sér yfir netið. Brotin voru framin í nóvember í fyrra, en þá voru stúlkurnar fimmtán og sextán ára gamlar.

Maðurinn játaði brot sín skýlaust, segir í niðurstöðu Héraðsdóms Norðurlands eystra. Að teknu tilliti til þess, auk þess sem hann hafi aldrei komist í kast við lögin áður, var refsing hans ákveðin fjörutíu daga skilorð. Hann var einnig látinn greiða 100 þúsund í málsvarnarlaun.

- sþs



**GEORGE W. BUSH** Forsetinn með síðasta fjárlagafrumvarp sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjármálafrumvarp Bush:

# Kastað beint í ruslafötuna

**BANDARÍKIN, AP** **Demókratar, sem eru í meirihluta á Bandaríkjaþingi, voru fljótir að afgreiða síðasta fjárlagafrumvarp George W. Bush forseta, sem hann lagði fram í síðustu viku. Frumvarpið fór beint í ruslið.**

**Meira að segja öldungadeildarþingmaðurinn Judd Gregg, sem er leiðtogi repúblikana í fjárlaganefnd deildarinnar, sagði þessa afgreiðslu engan veginn koma á óvart: „Við skulum bara horfast í augu við það. Þetta fjárlagafrumvarp er ekki samið með það í huga að nokkur maður muni skoða það vel og lengi."**

- gb

## STJÓRNSÝSLA

### Kristín yfir Umhverfisstofnun

Kristín Lind Árnadóttir hefur verið ráðin forstjóri Umhverfisstofnunar til næstu fimm ára. Kristín hefur starfað sem lögfræðingur hjá stofnuninni síðan í september. Hún gegnir nú starfi sviðsstjóra hjá Umhverfisstofnun og er staðgengill forstjóra.

## LEIÐRÉTTING

Rangar upplýsingar birtust um leikskólagjöld í Fjarðabyggð um síðustu helgi. Þar var sagt að átta tíma leikskólavist kostaði með fullu fæði 31.400 en það er ekki rétt, það kostar 27.031 krónu.

# Telur Fjármálaeftirlitið ekki hafa leyft fullt gagnsæi

**Stjórn SPRON telur Fjármálaeftirlitið ekki hafa heimilað stjórnarmönnum að gera upplýsingar um viðskipti þeirra opinber. Ekki var upplýst um viðskipti stjórnarmanna með bréf fyrir skráningu 23. október.**

**VIÐSKIPTI** Stjórn SPRON og stjórnendur félagsins töldu óheimilt að gera upplýsingar um viðskipti þeirra með stofnfjárbréf opinberar áður en félagið var skráð á markað 23. október í fyrra. Var það mat SPRON að Fjármálaeftirlitið (FME) teldi það ekki samræmast lögum að markaður með óskráð bréf tæki í einu og öllu mið af lagalegu umhverfi markaðar með skráð bréf eins og SPRON hafði lagt til.

Þetta staðfesti Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, við Fréttablaðið í gær. Var það því mat stjórnar SPRON að FME teldi ekki heimilt að viðskipti með óskráð bréf í SPRON væru gagnsæ með öllu.

Stjórnendur SPRON áttu í samskiptum við Fjármálaeftirlitið á árunum 2003 og 2004 um hvernig bæri að hafa regluverk í kringum markað með óskráð stofnfjárbréf í félaginu. SPRON óskaði eftir því að lög og reglur markaðarins með stofnfjárbréf áður en félagið væri skráð á markað tækju mið af lögum kauphallarinnar. Á það var ekki fallist þar sem það var talið geta valdið „ruglingi" við markað með skráð bréf, eins og orðrétt segir í svarbréfi Fjármálaeftirlitsins við fyrirspurnum SPRON varðandi lagaumhverfi markaðarins með óskráð bréf.

Samkvæmt lögum Kauphallar, sem gilda um skráð bréf, þarf að tilkynna viðskipti með bréf til Kauphallarinnar og eru upplýsingar um þau að öllu leyti opinber. Svo er ekki með óskráð bréf.

Sala á tveggja prósenta hlut Gunnars Þórs Gíslasonar, stjórnarmanns í SPRON, var ekki opinber frekar en sala Hildar Petersen stjórnarformanns en þau seldu bréfin skömmu eftir að verðmat Capacent á félaginu var gert opinbert, 17. júlí í fyrra. Samkvæmt matinu var SPRON um sextíu milljarða króna virði miðað stöðuna í mars. Stofnfjárbréf í SPRON seldust hæst á genginu 24 til 30 skömmu áður en markaðnum með óskráðu bréfin var lokað, tveimur mánuðum áður en félagið var skráð á markað í október. Lokagengi fyrsta dags í Kauphöllinni var 18,7 en síðan hefur það lækkað mikið og er nú í kringum sex.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hefur stjórn Samtaka fjárfesta beint því til stjórnar SPRON að hún skýri hvers vegna það var talið geta valdið „ruglingi" við hlutabréfamarkaðinn að upplýsa um viðskipti stjórnarmanna með óskráð bréf.

Byggir ályktun stjórnarinnar á svari stjórnar SPRON við spurningum Fréttablaðsins sem sendar voru eftir að upplýst var um það í ágreiningsmáli Saga Capital og Insolidum ehf. sem tengist láni fyrir kaupum á stofnfjárbréfum.

magnush@frettabladid.is



**SPRON SKRÁÐ Á MARKAÐ** Spron var skráð í OMX Kauphöll Íslands í október síðastliðnum og var þar með fyrsti sparisjóður landsins til að hlutafélagavæðast. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar og Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, hringdu bjöllu Kauphallarinnar við upphaf viðskipta á skráningardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## DÓTTIRIN KEYPTI HLUTA BRÉFANNA

Hildur Petersen, stjórnarformaður SPRON, seldi hluta stofnfjárbréfa sinna áður en félagið var skráð á markað 23. október á síðasta ári. Salan fór fram skömmu eftir að verðmat Capacent á félaginu var kynnt á stjórnarfundi félagsins 17. júlí. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins keypti dóttir Hildar hluta bréfanna.

Hildur segist hafa selt hluta bréfa sinna þar sem þau hækkuðu umtalsvert í verði. „Ég var að færa til í eignasafni mínu og taldi þetta vera ágætis tímapunkt til þess að selja hluta bréfa minna. Dóttir mín keypti hluta þessara bréfa þannig að ég var nú ekki að þessu vegna þess að ég vissi að þetta væri á yfirverði."

Hluturinn sem Hildur seldi var undir einu prósenti af heildarverðmæti félagsins.

- mh



**HILDUR PETERSEN**




Góður lífeyrir – ávísun á betra líf

Séreign - viðbótarlífeyrissparnaður með tryggðum lágmarksvöxtum

Séreign er áhugaverður kostur fyrir þá sem vilja huga að framtíðinni í tæka tíð. Leggðu fyrir í Séreign og tryggðu þér mótframlag frá atvinnurekanda þínum til viðbótar við þitt eigið. Fáðu greitt fyrir að spara.

SPARNAÐUR

Sundagörðum 2 104 Reykjavík
Sími: 577 2025 Fax 577 2032
sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

Bayern Líf.

VERSICHERUNGSKAMMER BAYERN




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HVASST Á MORGUN**

Það er yfirleitt fremur rólegt veður í dag en í nótt hvessir, fyrst af austri en síðan snýst hann í suðvestan hvassviðri eða storm um meginhluta landsins. Má búast við mjög hviðukenndu veðri á landinu sunnan og vestanverðu og éljagangi en víða um land má búast við skafrenningi. Nú er lausamjöll víða um land sem skefur auðveldlega ef hreyfir vind.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Suðvestan 5-8 m/s og él. Hiti nálægt frostmarki.

## VEÐURSPÁ

*um hádegi »*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skúrir | London | 11°C heiðskírt | Friedrichshafen | 7°C rigning |
| Billund | 7°C skúrir | París | 11°C hálfskýjað | Lúxemborg | 8°C skúrir |
| Osló | 3 °C rigning | Amsterdam | 10°C skúrir | Alicante | 19°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 4°C skúrir | Frankfurt | 11°C skúrir | Róm | 15°C heiðskírt |
| Gautaborg | 5°C rigning | Berlín | 10°C skúrir | Las Palmas | 21°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# KALDIR DAGAR



SILVER NANO er gott dæmi um hina byltingakenndu Nano-tækni. Silfrið í nano-stærð hefur þann eiginleika að eyða bakteríum. Ransóknir hafa staðfest að SILVER NANO dauðhreinsar hátt í 700 tegundir baktería. Þessi staðreynd er fyrst og fremst bylting í öryggi og heilsuvernd neytenda – en ekki síður gleðiefni, því líftími matvæla í SILVER NANO kæliskápum er margfalt lengri en í öðrum skápum. Nýting hráefnisins er mun betri og býður upp á umtalsverðan sparnað.
Síðast en ekki síst heyrir vond lykt úr kæliskápum sögunni til – þökk sé SILVER NANO.

*NÝ TÆKNI*
**SILVER NANO**
drepur bakteríur

**SÍÐUSTU DAGAR!**

SAMSUNG




## 15-20% AFSLÁTTUR

## AF KÆLI- OG FRYSTISKÁPUM

31. JANÚAR – 9. FEBRÚAR

OPNAR DYR AÐ AEG GÆÐUM

# ORMSSON

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 477 1900 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 474 1477 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |

KJÖRKASSINN



*Vilt þú taka upp evru á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 61,8% |
| Nei | 38,2% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Mun fasteignamarkaðurinn kólna enn frekar á næstunni?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Finnbjörn Hermannsson, formaður Samiðnar, um kjaraviðræðurnar:

# Hjakkað í sama farinu

**KJARAMÁL** Finnbjörn Hermannsson, formaður Samiðnar, segir að ekkert nýtt sé til umræðu. „Við erum bara að hjakka í sama farinu," segir hann.

Samtök atvinnulífsins hitta í dag fulltrúa Rafiðnaðarsambandsins til að kynna nánar fyrir þeim tilbrigði við tillögur sem rætt er um í kjaraviðræðunum við Starfsgreinasambandið og Flóabandalagið. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að fundur með SA í gærmorgun hafi verið svo lauslegur að ekki sé hægt að taka afstöðu nema fá skýrari upplýsingar hvað sé til umræðu. Það fáist í dag.

Ríkisútvarpið greindi frá því í gær að í viðræðum SA og Starfsgreinasambandsins væri rætt um þriggja ára samning þar sem launahækkanir yrðu ákveðnar eftir á. Lágmarkslaun hækkuðu í 145 þúsund og taxtar um 7.500 krónur 1. mars 2009 og aftur eftir tvö ár. Miðað væri við launahækkun upp á fjögur prósent en horft til baka á árs fresti. Sá sem hefði fengið meiri hækkun fengi ekki neitt.

Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, segir að ýmsu hafi verið kastað fram. Talað væri um svokallaðan „baksýnisspegil" að því gefnu að viðunandi taxta- og kaupahækkanir fengjust. „Engin niðurstaða er komin í það mál," segir Skúli. - ghs



**Á VIÐRÆÐUFUNDI** Forysta Starfsgreinasambandsins á viðræðufundi með forystu Samtaka atvinnulífsins hjá ríkissáttasemjara.

Uppgjör Icebank 2007:

# Afkoman verri en á síðasta ári

**VIÐSKIPTI** Icebank skilaði mun verri afkomu fyrir árið 2007 en 2006. Hagnaðurinn nam 1.616 milljónum króna eftir skatta, miðað við 5.662 milljónir króna árið áður.

Arðsemi eigin fjár Icebank eftir skatta var 13,5 prósent. Í tilkynningu bankans kemur þó fram að hreinar vaxtatekjur hafi aukist um 87 prósent á árinu. Þær námu 2.341 milljón króna. Haft er eftir Agnari Hansen bankastjóra að árangurinn sé viðunandi miðað við aðstæður.

Þá þrefölduðust nærri heildareignir Icebank, voru 252,5 milljarðar króna í árslok. Eiginfjárhlutfall bankans (CAD) var í árslok 11,0 prósent. - óká

# Ótvíræðir yfirburðir Fréttablaðsins

**Ný könnun Capacent á lestri dagblaða staðfestir sterka stöðu Fréttablaðsins. Morgunblaðið er komið í þriðja sæti og hefur aldrei mælst með minni lestur.**

**FJÖLMIÐLAR** Ný lestrarkönnun Capacent sýnir að Fréttablaðið heldur yfirburðastöðu sinni á íslenskum dagblaðamarkaði. Meðallestur landsmanna mælist nú 61,8 prósent á hvert tölublað. Þetta er nánast sami lestur og mældist í síðustu könnun, sem var framkvæmd í haust. Þá las 62,1 prósent Íslendinga Fréttablaðið, en munurinn er ekki marktækur.

Helstu tíðindi könnunarinnar eru þau að Morgunblaðið er komið niður í þriðja sætið yfir mest lesnu blöð landsins. Lestur Morgunblaðsins hefur aldrei mælst minni, er nú 41,7 prósent og hefur dregist saman um 1,4 prósentustig frá síðustu könnun.

24 stundir eru komnar í annað sætið á blaðamarkaði. Lestur 24 stunda er samkvæmt könnun Capacent 45,7 prósent. Er það á svipuðum slóðum og þegar forveri þess Blaðið fór í morgundreifingu með aukið upplag haustið 2006.

Talið í lesendum er staðan sú að á hverjum degi lesa 144 þúsund manns Fréttablaðið að meðaltali, 107 þúsund manns lesa 24 stundir og Morgunblaðið 97 þúsund manns. Það þýðir að á hverjum degi lesa 37 þúsund fleiri Fréttablaðið en 24 stundir. Milli Fréttablaðsins og Morgunblaðsins er þessi munur 47 þúsund manns.

Sterk staða Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði sést vel ef litið er til lesenda á aldrinum 18 til 49 ára. Í þeim aldurshópi breikkar bilið milli Fréttablaðsins og keppinautanna frá síðustu könnun.

Daglegur meðallestur Fréttablaðsins í hópnum 18 til 49 ára er 63,1 prósent, 24 stundir mælast með 40,1 prósent og Morgunblaðið með 33,2 prósent. Það þýðir að styrkur Fréttablaðsins umfram 24 stundir í þessum hópi eru rúm 57 prósent og rúm níutíu prósent umfram Morgunblaðið.

Ef skoðaður er meðallestur blaðanna í aldurshópnum 18 til 49 ára eingöngu þá fimm daga sem 24 stundir kemur út, þriðjudaga til laugardaga, þá breikkar bilið milli Fréttablaðsins og 24 stunda enn meira og fer í 63,4 prósent.

Aðspurður um niðurstöður könnunarinnar segir Jón Kaldal, ritstjóri Fréttablaðsins, að mjög ánægjulegt sé að fá staðfestingu á ótvíræðum yfirburðum Fréttablaðsins meðal þjóðarinnar. „Lesendur kunna augsýnilega vel að meta það sem við erum að gera hér á Fréttablaðinu. Samkeppnin er hörð, ekki aðeins við önnur dagblöð heldur ekki síður við net- og ljósvakamiðlana. Á dagblaðamarkaðinum verður fróðlegt að fylgjast með afdrifum Morgunblaðsins nú þegar það er komið í þriðja sæti. Íslensk dagblaðasaga segir okkur að brátt getur orðið um blöð á þeim slóðum."

MEÐALLESTUR Á TÖLUBLAÐI




SKV. KÖNNUN CAPACENT

Könnun Capacent var gerð í síma og nær yfir tímabilið 1. nóvember 2007 til 31. janúar 2008. Niðurstöðurnar eru byggðar á svörum 2.473 manna á aldrinum 12 til 80 ára af öllu landinu.

Kaupin á Laugavegi 4 og 6 rædd á borgarstjórn:

# Húsakaupin sögð vera valdakaup

**BORGARSTJÓRN** Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, fann kaupum Reykjavíkurborgar á húsunum við Laugaveg 4 og 6 allt til foráttu á borgarstjórnarfundi í gær.

Taldi Dagur verðið, 580 milljónir króna, allt of hátt enda langt yfir markaðsvirði, auk þess sem viðskiptin gætu verið fordæmisgefandi þrátt fyrir fyrirheit meirihlutans um annað. Komst Dagur að þeirri niðurstöðu að með kaupunum hefði í raun ekki verið verslað með hús heldur með sjálfan meirihlutann; að sjálfstæðismenn hefðu keypt Ólaf F. Magnússon til fylgilags við sig, gegn því að borgin keypti húsin tvö. Ólafur F. borgarstjóri sagði það mikils virði að borgin fengi í hendur á ný skipulagsvald á svæðinu. Götumynd Laugavegar yrði haldið þannig að hún laðaði að fólk og ferðamenn og yki líf við götuna. Ólafur sagði ekki liggja fyrir hvernig byggt yrði upp á númer 4 og 6 en lýsti þeirri skoðun sinni að það ætti að gera í sem upprunalegustu mynd og þá þannig að hægt yrði að ná fram auknu rými fyrir ýmsa starfsemi á baklóð og hugsanlega undir húsinu, neðanjarðar.

Vinnuhópur hefur verið settur á fót til að fjalla um skipulag Laugavegarins. - bþs



**FUNDAÐ Í BORGARSTJÓRN** Dagur B. Eggertsson telur kaup á húsunum við Laugaveg vera límið í nýjum meirihluta. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Prinsinn gagnrýnir Bandaríkin:

# Hefðu betur hlustað á Breta

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkjamenn hefðu getað sparað sér ýmis af þeim vandræðum sem þeir hafa átt við að etja í Írak hefðu þeir bara hlustað á ráð Breta og lært af reynslu þeirra. Þetta sagði Andrés Bretaprins í viðtali sem birt var í gær í International Herald Tribune. Ummælin vöktu athygli, ekki síst þar sem fátítt er að meðlimir bresku konungsfjölskyldunnar tjái sig opinskátt um stjórnmál.



ANDRÉS PRINS

Andrés sagði að Bretar hefðu sem nýlenduveldi safnað dýrmætri reynslu sem þeir gætu miðlað af. Í viðtalinu segir hann innrásina í Írak árið 2003 og eftirmál hennar hafa „skapað heilbrigða tortryggni" í Bretlandi gagnvart því sem sagt væri í Washington og margir Bretar spyrðu sig: „Hvers vegna var ekki hlustað á það sem sagt var og þau ráð sem voru gefin?" - aa

+ Á BAK VIÐ FALLEGT BROS ERU VEL HIRTAR TENNUR!



ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 35911 01/07

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás Borgarnes - Stykkishólmur - Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

LYFJA - Lifið heil

www.lyfja.is

TASKI

Gólfþvottavélar á rekstrarleigu

Engin útborgun, engin fjárbinding, aðeins mánaðarlegar greiðslur.




- TASKI swingo XP
- TASKI swingo 3500 B
- TASKI swingo 1250 B
- TASKI swingo 750 B

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum og ráðgjöfum RV

Rekstrarvörur - vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV UNIQUE 020801

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki



BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur®
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
AJ ARMANI JEANS
FINUCCI
collezione
Benvenuto.
LLOYD
REDGREEN
BELLINI
collezione
bugatti

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17



**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hver er forstjóri orkufyrirtækisins Geysis Green Energy?*

2 *Hvað hefur íslenska landsliðið í knattspyrnu karla skorað mörg mörk undir stjórn Ólafs Jóhannessonar?*

3 *Hvað heitir forseti Serbíu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Sameinað fyrirtæki Geysis og Enex yrði eitt af stærstu orkufyrirtækjunum:

# Fimmtíu milljarða króna fjárfestingar

**ORKUMÁL** Sameinað fyrirtæki Geysis Green Energy og Enex yrði eitt af stærstu aðilum í þróun á nýjum jarðhitaverkefnum í Bandaríkjunum og hefði stærsta félag á sviði jarðhitaþróunar í Bæjaralandi í Þýskalandi á sínum vegum. Enex og Geysir eru ásamt Orkuveitu Reykjavíkur í jarðhitaverkefnum í Kína og verkefnum í Mið- og Suður-Ameríku. Fjárfestingar félaganna tveggja nema í dag fimmtíu milljörðum króna, að meirihluta hjá Geysi.

„Markmið okkar er að verða leiðandi og stærstir í þróun jarðhitaverkefna á heimsvísu. Þetta er liður í því,“ segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri Geysis. „Ef maður horfir á starfsmannafjölda er Enex með töluvert fleira fólk en Geysir. Ef maður horfir á efnahaginn er Geysir miklu stærri en Enex. Sameinað félag hefur burði til að breyta þeim verkefnahugmyndum sem Enex hefur aflað sér í raunveruleika.“

Ásgeir rifjar upp að þegar sameina átti Geysi og REI í haust hafi Enex verið hluti af því og sameiningin orðið þreföld; REI, Geysir og Enex. „Enex hefði alltaf lent í þeim pakka en féll bara í skuggann. Nú er verið að horfa á þetta af því að við eigum 73 prósent í Enex. Þetta er bara B-útgáfan frá því í haust,“ segir hann.

Orkuveita Reykjavíkur á 26,5 prósent í Enex í gegnum REI. Kjartani Magnússyni, stjórnarformanni Orkuveitunnar, er kunnugt um sameiningaráhugann og býst við að erindi þessa efnis verði tekið fyrir á stjórnarfundi fljótlega. „En þetta mál er nýtilkomið hjá okkur,“ segir hann. „Það þarf að skoða þetta upp á nýtt og taka afstöðu til þess alveg sjálfstætt.“ - ghs



**BREYTA Í RAUNVERULEIKA** „Hefur burði til að breyta þeim verkefnahugmyndum sem Enex hefur aflað sér í raunveruleika,“ segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri Geysis Green Energy.

FLEX hágæða rafmagnsverkfæri í miklu úrvali




Aseta ehf
Tunguháls 17
110 Reykjavík
sími: 533 1600
aseta@aseta.is

ASETA

# Spá leigubílstjóra



**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**
skrifar frá San Francisco

„Hvernig heldurðu að kosningarnar fari?“ spurði Martinez leigubílstjóri mig í gær til að brydda upp á samræðum á leið minni í ráðhús San Francisco. Ég sagði honum að ég héldi að McCain myndi ná góðri forystu hjá repúblikönum en meiri óvissa ríkti hjá demókrötunum. Þó héldi ég að Hillary myndi vinna.

Martinez hugsaði sig um og muldraði já. „En ég held samt að Obama muni hafa þetta á endanum. Ég get ekki sagt út af hverju. Þetta er bara tilfinning sem ég hef. Ég byggi þetta á tilfinningu minni.“

Aðferð Martinez til að spá fyrir um úrslitin var síst verri en aðferðir fréttaskýrenda sem látlaust blöðruðu um úrslit forkosninganna í Bandaríkjunum í sjónvarpinu í gærdag. Fólk hér í San Francisco segist hafa litla trú á skoðanakönnunum þessa dagana og það byggi spár sínar á tilfinningu.

Martinez var líka skynsamur. Hann sagði að þeir sem töluðu af mestri sannfæringu um úrslitin vissu minnst. Sjálfur sagðist hann ætla að kjósa Hillary. Hann væri frá Púertó Ríkó og Hillary hefði fengið mikinn stuðning innflytjenda. Kalifornía væri suðupottur kynþátta og það gæti ráðið úrslitum hvernig frambjóðendur höfðuðu til einstakra hópa.



**SPENNA** Kjósandi á kjörstað í San Francisco í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ég þakkaði Martinez fyrir fróðlegt spjall og steig út úr leigubílnum fyrir framan ráðhúsið. Þar tóku á móti mér hópar sem voru að berjast hver fyrir sínum málstað. Það var mismunandi hvað stóð á skiltunum. Sumir vildu leyfa kannabisefni í lækningaskyni. Aðrir vildu bæta hag fátækra. Og svo auðvitað stuðningsmenn frambjóðenda. Þetta var einn suðupottur en auðvitað allt friðsamlegt. Og fjölmiðlafólk allt í kring.

Flestir sem ég talaði við voru á þeirri skoðun að barátta demókrata væri ekki ráðin. Þrátt fyrir að þriðjudagurinn mikli gæti skipt sköpum myndi spennan haldast áfram. Meginástæðan væri sú að Hillary og Obama fengju stuðningsmenn á flokksþing demókrata í hlutfalli við atkvæði.

En dagurinn var skemmtilegur. Og við verðum að bíða örlítið lengur til að fá úr því skorið hvort tilfinning Martinez hafi verið rétt.

Njóttu fríðindanna!




e-Vildarkortið færðu á sérkjörum
í Gull- og Platinumþjónustu SPRON

Njóttu ávinningsins – sæktu um á spron.is

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri
í síma 550 1400 eða á spron.is

spron

ARGUS / 08-0013

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Veljum Íslenskt

# Íslenskt lambakjöt á góðu verði




**Frosið lambalæri í sneiðum** aðeins **998 kr/kg.**




**Frosið lambalæri**
20% afsláttur **879 kr/kg.**
MERKT VERÐ 1098 KR/KG.




**Ferskur lambabógur**
**498 kr/kg.**




**Frosin lambasvið**
25% afsláttur **299 kr/kg.**
MERKT VERÐ 399 KR/KG.



**Ferskt lambaprime**
**1498 kr/kg.**




**Frosið lambasúpukjöt 1.flokkur**
**474 kr/kg.**




**Frosið lambafillet m/fiturönd**
20% afsláttur. **2398 kr/kg.**
MERKT VERÐ 2998 KR/KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGA 12.00-18.30



**KJÖTIÐ KVATT** Juliana Paes, fordansari í kjötkveðjuhátíðarskrúðgöngu Unidos da Viradouro-sambaskólans, sýnir listir sínar í Rio de Janeiro. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áform Evrópusambandsins valda usla í Serbíu:

# Serbíustjórn að falli komin

**SERBÍA, AP** Ríkisstjórn Serbíu riðaði nánast til falls í gær út af áformum Evrópusambandsins um að senda 1.800 manna löggreglu- og eftirlitslið til Kosovo.

Vojislav Kostunica, hinn þjóðernissinnaði forsætisráðherra Serbíu, er andvígur þessum áformum. Hann óttast að þau tryggi það eitt að Kosovo lýsi yfir sjálfstæði.

Hann sagði í gær að samningur við Evrópusambandið um nánari samskipti, sem fulltrúar Evrópusambandsins vilja undirrita strax á morgun, væri ekkert nema svikabragð. Ekki kæmi til greina að undirrita samninginn á sama tíma og Evrópusambandið ákvæði að senda lögreglulið til Kosovo.

Einn stjórnarflokkanna, flokkur Boris Tadic, sem var endurkjörinn forseti Serbíu á sunnudaginn, er hins vegar eindregið fylgjandi því að samningurinn verði undirritaður.

Kostunica vill að serbneska þingið verði kallað saman til að taka ákvörðun í málinu. Velemir Ilic, sem er fjárfestingaráðherra í stjórn Kostunica, segir að stjórnarslit geti orðið ef félagar Tadic undirrita samninginn þrátt fyrir andstöðu Kostunica. - gb



**VOJISLAV KOSTUNICA** Forsætisráðherra Serbíu segir ekki koma til greina að undirrita samning við Evrópusambandið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Könguló í Reykjanesbæ:

# Tarantúla drepin með eitri

**REYKJANESBÆR** Tarantúla-köngulóin, sem lögreglan á Suðurnesjum lagði hald á í Reykjanesbæ á mánudagskvöld, hefur verið drepin með eitri og verður henni fargað á öruggan hátt, eftir því sem fram kom á vef Víkurfrétta í gær.

Ekki er vitað um uppruna köngulóarinnar né hvernig henni var komið til landsins. Köngulóin var haldin sem gæludýr í glerbúri í heimahúsi á Suðurnesjum og fóðruð á músum en köngulær af þessari tegund eru ólöglegar á Íslandi og er þeim snarlega eytt þegar vart verður við þær. - ghs


Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fjármálakvöld Landsbankans

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld“, röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um þætti sem lúta að fjármálum heimilanna, fjárfestingartækifærum og skattamálum. Fjármálakvöldin hefjast kl. 20 og eru öllum opin án endurgjalds. Í boði eru kaffi og veitingar.

Dagskrá fjármálakvölda

| | | |
|---|---|---|
| 24. jan. | Höfðabakki | Fjármál heimilisins |
| 7. feb. | Tónbergi, Akranesi | Fjárfestingartækifærin |
| 21. feb. | Laugavegur 77 | Skattamál |
| 6. mars | Mjódd | Skattamál |
| 27. mars | Vesturbær | Fjárfestingartækifærin |
| 3. apr. | Ísafjörður | Fjármál heimilisins |
| 10. apr. | Fjarðargata, Hafnarfj. | Fjárfestingartækifærin |

7. febrúar á Akranesi

Sérfræðingar frá Landsbankanum fara yfir hvar fjárfestingartækifærin liggja, hvert stefnir á hlutabréfamarkaði, hvert krónan er að fara og hvað er á döfinni í vaxtamálum.

Skráning á fjármálakvöldin fer fram á **landsbanki.is** eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Athugið að fjármálakvöldið á Akranesi fer ekki fram í útibúi Landsbankans heldur í Tónbergi, sal Tónlistarskólans á Akranesi, Dalbraut 1.

Nánari upplýsingar á **www.landsbanki.is**.

2008

Landsbankinn

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 40995 02.2008


# Hamas-samtök lýsa yfir ábyrgð á tilræði

**Hamas-samtökin segjast ábyrg fyrir mannskæðri sjálfsmorðsárás í Ísrael í fyrradag. Angi úr Fatah-hreyfingunni hafði áður lýst yfir ábyrgð. Auknar líkur á harðari bardögum milli Hamas og Ísraels sem svaraði með árásum á Gaza.**

**ÍSRAEL, AP** Hamas-samtökin lýstu í gær yfir ábyrgð á mannskæðri sjálfsmorðssprengingu í Ísrael í fyrradag. Daginn áður hafði Flokkur Al Aqsa-píslarvottanna, angi úr Fatah-hreyfingu Mahmoud Abbas Palestínuforseta, lýst ábyrgðinni á hendur sér.

Yfirlýsing Hamas þykir auka líkur á harðari bardögum milli samtakanna og Ísraela. Ísraelsher svaraði með árásum á Gaza-ströndinni, sem er undir stjórn Hamas, og féllu átta Hamasliðar.

Ein kona og ellefu særðust þegar sjálfsmorðssprengjumaður sprengdi sig í loft upp í ísraelska bænum Damona sem er fáséður atburður á ísraelskri grund. Lögregla skaut til bana annan sjálfsmorðssprengjumann áður en honum tókst að sprengja sig í loft upp. Er þetta fyrsta sjálfsmorðssprenguárásin í Ísrael í eitt ár.

Talsmaður Flokks Al Aqsa-píslarvottanna, Abu Fouad, sagði árásarmennina hafa komist til Ísraels frá Egyptalandi eftir að þeir höfðu komist þangað frá Gaza gegnum landamærin sem voru rofin fyrir tveimur vikum. Talsmaður Hamas, Abu Obeida, sagði hinsvegar í gær að árásarmennirnir hefðu komið frá borginni Hebron á Vesturbakkanum, þrátt fyrir mikla öryggisgæslu Ísraela á svæðinu. Þó að Vesturbakkinn sé undir stjórn Fatah fer Hamas með völdin í Hebron.

Ísraelsk stjórnvöld sögðu í gær allt benda til þess að árásarmennirnir hefðu komið frá Hebron og hét Ehud Barak, varnarmálaráðherra Ísraels, því að „finna lausn á hryðjuverkum frá Hebron“. Flokkur Al Aqsa-píslarvottanna hélt áfram í gær að halda því fram að hann bæri ábyrgð á árásinni.

Ísraelsk yfirvöld hafa verið með mikinn viðbúnað á landamærunum að Egyptalandi síðan Gazabúar byrjuðu að streyma þangað inn gegnum rofin landamæri. Egypsk yfirvöld lokuðu landamærunum að Gaza á sunnudag eftir að þau höfðu verið opin í tólf daga.

Á þeim sjö mánuðum sem liðnir eru frá því að Hamas tók völdin á Gaza hafa Ísrael og Egyptaland lokað að mestu leyti landamærum sínum að Gaza.

sdg@frettabladid.is



**SPENNA** Ísraelskur hermaður skoðar skilríki vegfarenda í Hebron á Vesturbakkanum. Hamasliðar halda því fram að tilræðismennirnir hafi komið þaðan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Tannheilsa 12 ára barna á Íslandi
Hvert stefnum VIÐ?

Og hver voru markmiðin?




**Stefnuskrá ríkisstjórnarinnar:**
“Tannvernd barna verði bætt með gjaldfrjálsu eftirliti, forvarnaraðgerðum og auknum niðurgreiðslum á tannviðgerðum barna” !

Tannlæknafélag Íslands
tannsi.is

Óviðunandi segir Jack Straw:

# Breskur þingmaður hleraður

**BRETLAND, AP** Tvö samtöl sem breskur þingmaður, Sadiq Khan, átti við fanga árin 2005 og 2006 voru hleruð af lögregluseveit sem berst gegn hryðjuverkum. Breska blaðið The Sunday Times greindi frá þessu. Samtölin snerust um persónuleg og lagaleg mál.

Jack Straw dómsmálaráðherra hefur fyrirskipað rannsókn á málinu og er haft eftir honum að hlerunin hafi verið „óviðunandi.“

Lögreglan neitaði að tjá sig um málið og þar sem það varðaði þjóðaröryggi. Khan, sem er múslimi, hefur unnið að því að afla Verkamannaflokknum stuðnings múslima í Bretlandi. - sdg

Kólumbíubúar rísa upp gegn uppreisnarsveitinni FARC:

# Milljónir mótmæla ofbeldinu

**KÓLUMBÍA, AP** Nærri fimm milljónir manna héldu út á götur Kólumbíu á mánudag til að mótmæla mannránum og öðrum ofbeldisverkum skæruliðahreyfingarinnar FARC, sem hefur áratugum saman stundað vopnaða baráttu gegn stjórnvöldum landsins.

„Ég vona bara að FARC sé að hlusta,“ sagði Clara Rojas, sem hafði verið gísl hjá FARC í sex ár þegar henni var sleppt í síðasta mánuði.

FARC er skammstöfun sem stendur fyrir Byltingarsveitir Kólumbíu.

Hreyfingin var upphaflega stofnuð árið 1964 í nánum tengslum við Kommúnistaflokk Kólumbíu. Á níunda áratug síðustu aldar var fíkniefnasmygl orðið stór þáttur í starfsemi hreyfingarinnar og sleit þá Kommúnistaflokkur landsins tengslin við hana.

FARC hefur mikil ítök í suðausturhluta Kólumbíu og stundar mannrán í stórum stíl. Hreyfingin er nú með meira en 700 gísla í haldi og vill skipta á þeim og liðsmönnum sínum, sem sitja í fangelsi í Kólumbíu.

Samningaviðræður standa yfir um lausn sumra af gíslunum. Margir íbúar Kólumbíu eru reyndar andvígir mótmælunum gegn FARC af ótta við að ættingjar þeirra sem eru í haldi skæruliðanna geti beðið tjón af. - gb



**FJÖLDINN RÍS UPP** Milljónir manna í Kólumbíu hafa fengið sig fullsadda af skæruliðasveitum FARC. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


## Starfsmenn á þjónustuverkstæði

Starfsmenn óskast á þjónustuverkstæði MEST ehf.

Störfin fela í sér viðhald á vinnuvélum, byggingakrönum, rafstöðvum og öðrum tækjum sem MEST er þjónustuaðili fyrir. Æskilegt að umsækjendur hafi annað hvort iðn- eða vélstjóramenntun.

Fyrirspurnum svarar Árni Már deildastjóri þjónustuvers í síma 825 0722 eða á netfangið arnimr@mest.is.

mest




**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Sá almynd af Karli Bretaprins í Abu Dhabi.

Handhafar forsetavalds:

# Er almynd af forseta lausnin?

**STJÓRNMÁL** „Við höfum bara til reiðu nokkrar mismunandi almyndir af forsetanum. Ef hann þarf að halda ræðu, til dæmis á Langanesi, eða á Alþingi, þá er bara kveikt á viðeigandi almynd,“ segir Össur Skarphéðinsson iðnaðaráðherra á bloggi sínu í tilefni af umræðum á Alþingi í gær um þá tillögu að leggja af þann sið að handhafar forsetavalds taki við völdum forseta þegar hann fer úr landi. Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, spurði við umræðurnar hvort forsetinn ætti ef til vill að staðfesta lög með SMS-skeytum. Segist Össur hafa fengið sína hugmynd í kjölfar þess að hann sá almynd – hólógram – af Karli Bretaprins á ráðstefnu í Abu Dhabi. - gar

Þróunaraðstoð Íslands:

# Innviðir á Srí Lanka styrktir

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur afhent tvær þjónustumiðstöðvar við löndunarstaði til fiskimannafélaga á Srí Lanka. Stöðvarnar eru í Beruwalla á suðvesturströndinni og Nilwella á suðurodda eyjunnar, að því er fram kemur í tilkynningu frá Þróunarsamvinnustofnun.

Uppbygging miðstöðvanna er hluti af verkefnum Þróunarsamvinnustofnunar sem miða að því að styrkja innviði samfélaga og efla sjálfsbjargarviðleitni íbúanna sjálfra. „Í verkefninu um löndunarstöðvar er áhersla lögð á að byggja upp innviði og skipulag fiskveiðisamfélaga í samvinnu við innlendu frjálsu félagasamtökin Sewalanka til að auka getu íbúa til uppbyggingar samfélagsins til að bæta lífsgæði,“ segir Gunnar Þórðarson, verkefnisstjóri á Srí Lanka. - mh

AFGANISTAN

## Blaðamaður dauðadæmdur

Hamid Karzai, forseti Afganistans, hefur lýst áhyggjum sínum af máli blaðamanns í norðurhluta landsins, sem dómstóll þar dæmdi til dauða fyrir móðgun við íslam. Hann hafði það til saka unnið að láta nemendur í blaðamennsku lesa grein af netinu, þar sem spurt er hvers vegna karlar megi eiga fjórar eiginkonur en konur ekki eiga fleiri en einn maka.




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þjóðin hefur tekið Fréttablaðið undir væng sinn og gert að sínu.

# Grunnurinn að dagblaðalestrinum

JÓN KALDAL SKRIFAR

Það eru engar ýkjur að segja að Fréttablaðið sé grunnurinn að dagblaðalestri þjóðarinnar. Samkvæmt nýrri könnun rannsóknarfyrirtækisins Capacent lesa að meðaltali 144 þúsund Íslendingar Fréttablaðið á hverjum degi. Það eru 37 þúsundum fleiri en lesa 24 stundir og 47 þúsundum fleiri en lesa Morgunblaðið dag hvern.

Staða Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði er sterk og stöðug. Þjóðin hefur tekið blaðið undir sinn væng og gert að sínu. Engu máli skiptir að framan af útgáfu blaðsins reyndu valdamiklir menn allt sem þeir gátu til að leggja stein í götu þess. Þetta var að vísu aldrei stór hópur, en hann var hávær á tímabili. Nú er hann orðinn enn minni, og skætingurinn og uppnefnin sem frá honum koma hljóma eins og bergmál frá liðnum og dálítið hallærislegum tíma.

Einn helsti brimbrjótur Fréttablaðsins hefur alla tíð verið sú yfirlýsta ritstjórnarstefna blaðsins að það hefur ekki skoðun. Hvorki á mönnum né málefnum. Skoðanir í forystugreinum og álitsdálkum eru settar fram í Fréttablaðinu undir fullu nafni eða netfangi. Það fer ekkert á milli mála hver situr við lyklaborðið og á í hlut hverju sinni. Enda er sú hugmynd að dagblað geti haft sjálfstæðan vilja eða skoðun í besta falli hjákátleg. Dagblað getur ekki haft aðra skoðun en stjórnendur þess vilja. Sú hugmyndafræði að blöð og heilu ritstjórnirnar eigi að hafa eina samræmda skoðun gengur ekki upp nema með strangri miðstýringu. Við þær aðstæður er alltaf hætt við að skoðanirnar smiti út í fréttaflutninginn eða taki jafnvel alfarið yfir fréttastjórnina þegar verst lætur.

Það er skoðun þess sem hér skrifar að sú staðreynd að Fréttablaðið hefur hafnað slíkri skoðanamiðstýringu sé ein meginskýringin á velþóknun lesenda á blaðinu.

Árið 2004 mistókst að koma lögum yfir frjálsa fjölmiðla á Íslandi. Skortur á gegnsæi og samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla, auk hættu á fábreytni í útgáfu, voru meðal helstu raka stuðningsmanna lagasetningar. Í þessu samhengi er athyglisvert að líta yfir landslagið fjórum árum síðar. Ekki verður þá annað séð en að fjölbreytnin á blaðamarkaði sé með ágætum. Fimm dagblöð koma út: DV, Fréttablaðið, Morgunblaðið, 24 stundir og Viðskiptablaðið, sem er ótrúlegt miðað við smæð markaðarins.

Um gegnsæið er það að segja að 365 miðlar, útgáfufélag Fréttablaðsins, er eina fjölmiðlafyrirtæki landsins sem er skráð á markað og lýtur þeirri upplýsingaskyldu sem gildir um slík félög. Tuttugu aðilar eiga bróðurpart félagsins en alls eru hluthafarnir 900 talsins, þeirra stærstu er Baugur með í kringum 30 prósent.

Til samanburðar er eigendahópur Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins og 24 stunda, æði einsleitur. Sex hluthafahópar eru að baki Árvakri. Þar af eru þrír með samtals 50,2 prósenta hlut í eigu félaga sem Björgólfur Guðmundsson athafnamaður er í forystu fyrir.

Ritstjórn Morgunblaðsins studdi fjölmiðlalög af miklum krafti á sínum tíma og var þá á öndverðum meiði við stjórn Árvakurs. Hvaða skoðun Morgunblaðið hefur á samsetningu eignarhalds síns liggur hins vegar ekki fyrir nú.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Án staðsetningar

Í auglýsingu um nýtt starf framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs er tekið fram að starfið sé auglýst án staðsetningar. Þó er áskilið að búseta framkvæmdastjóra þjóni hagsmunum þjóðgarðsins. Með öðrum orðum er það samningsatriði hvar framkvæmdastjórinn verður búsettur og vitaskuld geta menn komist að þeirri niðurstöðu að það þjóni hagsmunum garðsins best að framkvæmdastjórinn búi í Reykjavík þar sem langstærsti hluti stjórnsýslunnar er. Á þessu tæpti Bjarni Harðarson í þinginu á dögunum og hafði af því talsverðar áhyggjur. Lúðvík Bergvinsson reyndi að slá á áhyggjur Bjarna með því að lýsa þeim skilningi sínum að framkvæmdastjórinn ætti að búa á Hornafirði.



### Verður Reykjavík lendingin?

Vatnajökulsþjóðgarður nær yfir átta sveitarfélög og eins og gefur að skilja vilja íbúar allra þessara sveitarfélaga að framkvæmdastjórinn búi hjá þeim. Sögur herma að slík sé óeiningin að eina lendingin verði að hafa framkvæmdastjórann í höfuðborginni.

### Hvað gerist nú?

Það er Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra sem skipar í starfið. Áhugamenn um veitingu opinberra embætta bíða vitaskuld eftir að umsóknarfrestur renni út og ráðherra geri upp hug sinn. Sömu áhugamenn bíða líka eftir að sjá hvernig nýjasta ráðning Þórunnar, skipun Kristínar Lindu Árnadóttur í starf forstjóra Umhverfisstofnunar, fari í fólk, en opinberar embættisveitingar upp á síðkastið hafa ekki gengið þegjandi og hljóðalaust fyrir sig.



bjorn@frettabladid.is

# Sakamálareyfari



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Spákaupmennska

Mál franska bankans Société générale sem tapaði á einu bretti 4,9 milljörðum evra vegna bankastarfsmannsins sem fór að spila sóló fær sífellt meir á sig svip sakamálareyfara. Öll grundvallaratriði slíkra bókmennta eru þar til staðar, dramatísk atriði, dularfull persóna sem er ekki öll þar sem hún er séð, sálarflækjur, óvæntar uppákomur og alls kyns gátur og óleystar spurningar, en það vantar að vísu sögulokin, lausnina á öllu saman, og þau eru ekki í sjónmáli. Menn velta því fyrir sér hvort ekki væri rétt að fela þetta einhverjum góðum reyfarahöfundi.

Sagan hófst föstudaginn 18. janúar þegar eftirlitsmaður í bankanum sá að eitthvað var athugavert við einhver viðskipti. Hann kallaði á sinn fund viðkomandi starfsmann, sem gegnir nafninu Jerome Kerviel, og bað um skýringu en fékk loðið svar. Hann spurði áfram og voru svörin þeim mun loðnari sem spurningarnar urðu fleiri. Eftirlitsmanninum leist ekki meir en svo á þennan óvænta hárvöxt og hann gerði yfirmanni sínum viðvart. Sá var í London en ákvað að snúa samstundis aftur til Parísar, og alla nóttina sat hann yfir tölvum á skrifstofu sinni milli himins og jarðar í skýjakljúfahverfi þar sem enginn stígur nokkru sinni fæti sínum nema hann sé tilneyddur, og allt er dauðahljótt að næturlagi. Daginn eftir yfirheyrði hann téðan Jerome Kerviel í sex og hálfa klukkustund.

Þannig komst hinn ægilegi sannleikur í ljós: í spákaupmennsku sinni hafði bankamaðurinn spilað út einum 48 milljónum evra. Enn var þó ekkert tap orðið, en nú reið á að selja og innheimta, því bankinn riðaði til falls. Engum var gert viðvart, jafnvel ekki Sarkozy forseta, því til að ná eyrum hans þurfti að fara í gegnum eyru ráðgjafa, og á þeirra þagmælsku treystu bankamennirnir ekki. Þeim reiknaðist svo til, að hægt væri að ganga frá þessum viðskiptum með 1,4 milljarða tapi, sem talið var viðráðanlegt. En strax og hafist var handa eftir helgina vildi svo óheppilega til að verðhrun varð í kauphöllum víða um heim – kannske átti þessi mikla sala einhvern þátt í því – og þess vegna margfaldaðist tapið.

En svo beindist athyglin að Jerome Kerviel, sem fékk þá greipilegu refsingu þegar í stað að hann var rekinn. Hann var sonur hárgreiðsludömu á Bretaníu-skaga og ungur að aldri las hann „Auðlegð þjóðanna" eftir Adam Smith og tók trúna. Síðan stundaði hann nám í hagfræði og slíku við landsbyggðarháskóla, æfði júdó og var þess á milli í framboði fyrir flokk Sarkozys í bæjarstjórnarkosningum, þangað til að hann fékk starf við Société générale. En þar fór ekki sérlega vel um hann. Samstarfsmenn hans voru allir úr fínustu skólum Frakklands, þeir höfðu skömm og fyrirlitningu á sveitamanninum og ófáar háðsglósurnar fékk hann að heyra. Því lét hann sig dreyma um að slá alla út í þessum viðskiptum, græða milljarða fyrir hönd bankans og fá kannske bónus. Þegar árið 2005 hófst hann handa. Hann var reyndar sannfærður um að yfirmenn hans hefðu nasasjón af þessum umsvifum hans og túlkaði þögn þeirra sem samþykki. Undir þetta hafa verjendur hans tekið, þeir benda einnig á að í rauninni hafi ekkert tap orðið fyrr en bankinn fór að selja, hann beri því sjálfur ábyrgðina og kannske sé skjólstæðingur þeirra einungis blóraböggull. Lögreglan yfirheyrði Jerome Kerviel, en þótt ýmsir vildu af mannúðarástæðum fá honum vist í steininum, sem væri eina örugga griðlandið gegn papparössum, var hann látinn laus. Enginn fótur var fyrir ákæru fyrir fjárdrátt og slíkt.

Þegar ljóst var að bankinn færi ekki á hausinn, a.m.k. ekki að svo stöddu, sagði aðalbankastjórinn: „Menn reyna að nota þetta mál til að ráðast á kapítalismann. En það er rangt. Kapítalisminn hefur aldrei verið eins sterkur." Og kannske hafði bankastjórinn rétt fyrir sér, en þó kannske ekki á sama hátt og hann hélt sjálfur. Því frönsk blöð skýra nú frá því, að aðdáendaklúbbar Jerome Kerviels spretti upp eins og gorkúlur. Til sölu eru bolir með áletruninni „Jerome Kerviel´s girlfriend", þeir kosta 17,99 dollara og eru til í ýmsum litum. Á netinu er hann kallaður „Che Guevara fjármálanna", „James Bond í Société générale" og annað slíkt, og þar er á ferli yfirlýsingin „Styðjum Kerviel"; hann er „maðurinn sem gaf tæknikrötunum langt nef". Í útvarpinu heyri ég raddir hlustenda sem segja að það hafi verið alrangt að reka hann, nú væri rétt að ráða hann aftur, á mun hærra kaupi. Aðrir mæla með því að honum verði veitt hin svokölluðu Nóbelsverðlaun í hagfræði.

# Úreltur hugsunarháttur

**UMRÆÐA**

Fjarskipti



HRANNAR PÉTURSSON

Uppbygging langdrægs GSM-kerfis Vodafone var rædd á Alþingi í vikunni, eftir að fréttir bárust af þeirri byltingu sem orðið hefur með tilkomu kerfisins, m.a. á Ströndum og á Húnaflóa. Af umræðunni mátti skilja, að uppbyggingin þætti mikið framfaraspor enda væri GSM-samband nú komið á fjölda svæða sem áður voru án GSM-sambands. Verra þótti mönnum hins vegar, að þjónustan stæði eingöngu viðskiptavinum Vodafone til boða og viðskiptavinir annarra fjarskiptafyrirtækja nytu ekki góðs af.

Á undanförnum árum hefur gríðarleg breyting orðið á íslenskum fjarskiptamarkaði. Ríkið hefur dregið sig út af markaðnum og látið einkareknum fyrirtækjum það eftir að keppa um hylli neytenda. Uppbygging Vodafone á langdrægu GSM-kerfi, sem m.a. tryggir samband langt á haf út og upp á fjöll, er einmitt hluti af þeirri samkeppni. Símnotendur á svæðum sem ekki hafa verið í GSM-sambandi þurfa þess vegna ekki að bíða eftir því, að keppinautar Vodafone freisti þess að semja sig inn á hið nýja langdræga kerfi – þeir geta einfaldlega með einu símtali í 1414 fært viðskipti sín til þess fjarskiptafyrirtækis sem býður bestu þjónustuna. Þann samanburð óttast Vodafone ekki.

Sá hugsunarháttur er úreltur að gamli Ríkissíminn eigi ávallt að bjóða bestu þjónustuna. Hitt er nútímalegt, að neytendur velji og hafni viðskiptum eftir gæðum þjónustunnar og horfi m.a. til þeirrar staðreyndar að GSM-þjónustusvæði Vodafone á Íslandi er stærra en aðrir geta boðið. Á næstu mánuðum mun þjónustusvæðið stækka enn frekar, enda vinna tæknimenn Vodafone að því hörðum höndum að setja upp um 40 langdræga senda til viðbótar þeim sem þegar eru komnir í notkun og tryggja GSM-samband í allt að 100 kílómetra fjarlægð.

Rétt er að taka fram, að uppbygging á langdrægu GSM-kerfi Vodafone er ekki hluti af svokölluðu GSM2-verkefni, sem stjórnvöld standa fyrir í samstarfi við fyrirtækið. Markmið þess er að tryggja GSM-samband á völdum landssvæðum þar sem ekki eru markaðslegar forsendur fyrir slíkum rekstri. Langdræga kerfið er hins vegar rekið á markaðslegum forsendum, því er ætlað að tryggja viðskiptavinum Vodafone bestu mögulegu þjónustuna og stækka hóp þeirra 120 þúsund GSM-viðskiptavina sem valið hafa Vodafone.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Vodafone.*

# Skapandi kapítalismi – eitthvað nýtt

**UMRÆÐAN**
Stjórnmál


STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Áhrifa fjármálaóróleikans í heiminum, svo ekki sé sagt kreppunnar, sér stað með ýmsum hætti. Í Financial Times birtist stutt athyglisverð frétt af framgöngu eins helsta mógúls og erfðaprins kapítalismans síðustu áratugina, sjálfum holdgervingi ameríska draumsins, Bill Gates, á ráðstefnu Alþjóðaefnahagsráðsins í Davos í sl. viku. Fyrirsögn fréttarinnar er: „Skapandi kapítalismi“ (Creative Capitalism). Greinin er til marks um að sjálfur Bill Gates horfist í augu við og viðurkennir að hinn óhefti græðgiskapítalismi, nýfrjálshyggjan, er ekki að leiða til farsældar í heiminum.

Einnig má vel vera að ástæða þess að William H. Gates III ræðir málin við ráðstefnugesti í Davos á þeim nótum sem raun ber vitni, sé sú staðreynd að nú hillir undir að hann láti af störfum sem stjórnarformaður Microsoft. Hann mun þá ætla að helga sig alfarið þróunar- og velgjörðarmálum hjá hjálparstofnun þeirri sem kennd er við hann og konu hans Melindu Gates.

**Kærleiksboðskapur velgjörðarmannsins**

Í lauslegri þýðingu var haft eftir Gates í Davos: „Heimurinn er að batna, en hann batnar ekki nógu hratt og hann er ekki að batna fyrir alla. Við verðum að finna leiðir til að láta þá eiginleika kapítalismans, sem gagnast vel hinum ríku, gagnast hinum fátæku einnig. Þessa hugmynd vil ég kalla skapandi kapítalisma.“ Því ber að finna leiðir til þess að nýta sérgæsku atvinnurekenda – driffjöður kapítalísks hagkerfis – til þess að draga úr fjölda þeirra sem draga fram lífið á innan við dollara á dag og deyja úr auðlæknanlegum sjúkdómum. Þar eð markaðurinn er varla fær um að finna þær leiðir sjálfur telur Gates stjórnvöld þurfa að skerast í leikinn með því að veita fyrirtækjum sem standa sig í þessum málum sérstaka viðurkenningu eða fyrirgreiðslu. Í Bandaríkjunum getur ríkið þannig nú þegar tafið veitingu leyfa fyrir lyfjafyrirtækjum sem stunda engar rannsóknir gegn vanræktum sjúkdómum á borð við malaríu og berkla.

Í raun er fátt frumlegt við þessar hugmyndir Gates og það sem hann kallar „skapandi kapítalisma“ verkar fremur á mig sem kattarþvottur en raunverulegt uppgjör við kerfi sem ber glötunina í sér fyrir heiminn og heimsbúskapinn ef svo heldur sem horfir. En orð eru til alls fyrst og því ber að fagna að viðurkenning á ástandinu komi úr þessari átt.

**Áhættufjármagn og græðgisvæðing**

Undirritaður hefur skrifað fjölda blaðagreina á undanförnum árum og með ýmsum hætti öðrum reynt að vara við þeirri háskalegu þróun í viðskiptum sem drifin er áfram af hagsmunum áhættufjármagnsins er aðeins hugsar um fljóttekinn ofsagróða. Í anda nýfrjálshyggju-hugmyndafræðinnar og græðgisvæðingarinnar gengur nú um stundir allt út á að pína fram sem hraðastan og mestan gróða. Gerðar eru grimmilegar kröfur um hagnað og arð, hvað sem það kostar. Rótgróin fyrirtæki eru keypt og seld, þau sameinuð eða þeim sundrað til þess eins að kreista út hagnað, ná út uppsöfnuðum verðmætum, duldu eiginfé. Að því loknu er þeim gjarnan hent aftur út á markaðinn, kafskuldugum og/eða rúnum eiginfé og öðrum látið eftir að koma rekstrinum á réttan kjöl á nýjan leik.

Ætli menn þekki þetta ekki í íslenskum sjávarútvegi, þar sem gróðamennirnir – sumir kalla sig við hátíðleg tækifæri umbreytingafjárfesta – hafa komið og farið. Farið vegna þess að hinn eiginlegi áhugi þeirra sneri alls ekki að rekstri þessara fyrirtækja eða þeirri kjarnastarfsemi sem þau hafa með höndum. Áhuginn sneri aðallega að því að nota fyrirtækin sem tæki til að ávaxta sitt pund. Allt sem heitir félagsleg, siðferðileg, hvað þá umhverfisleg ábyrgð mætir afgangi. Ef tíðarandinn sveiflast í þá átt má alltaf leysa það með grænþvotti, með því að kaupa sér ímynd, með því að ráða enn dýrari auglýsingastofu og lappa þannig upp á álit sitt gagnvart almenningi.

**Ekki flókið mál**

Undirritaður bíður spenntur eftir að sjá hvort Bill Gates fylgir hugmyndum sínum eftir með frekari útlistun á fyrirbærinu „skapandi kapítalisma“ og að sjálfsögðu er skylt að skoða allar hugmyndir sem eru málefnalega fram settar. En ætli það sé nú ekki sönnu nær að skurðpunkturinn, víglínan, liggi um hið fornkveðna, að ákveða það fyrst hvor sé húsbóndi og hvor sé þjónn, maðurinn eða markaðurinn? Hvort ber að setja manngildið í öndvegi, hagsmuni samfélagsins og umhverfisins og framtíðarmöguleika komandi kynslóða eða ávöxtun fjármagnsins á líðandi stund? Flóknara er þetta í rauninni ekki.

*Höfundur er þingmaður og formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.*










## Fyrirlestraröð Verkfræðideildar Háskóla Íslands, vormisseri 2008

» Fyrirlestrarnir verða í Verkfræðideild HÍ, Hjarðarhaga 2, stofu 157, neðangreinda fimmtudaga kl. 16:00 til 17:15

7. febrúar
ÞRÓUN VERKFRÆÐI Á ÍSLANDI Í SEINNI TÍÐ

» Um úttektir á Verkfræðideild
Ebba Þóra Hvannberg
forseti, Verkfræðideild HÍ


» Þróun fjölda verkfræðinga eftir greinum - og námslönd. Logi Kristjánsson
framkvæmdastjóri, VFÍ/TFÍ


» Stefnumótun Verkfræðideildar
Helgi Þór Ingason
dósent, Verkfræðideild HÍ


» Framtíðin í huga tveggja verkfræðinema

21. febrúar
THE FUTURE OF TELECOM – TECHNOLOGIES/TRENDS

» Berit Svendsen varaforseti, Telenor Norway.


6. mars
EDUCATING ENGINEERS FOR THE NEW CENTURY -CHALLENGES AND OPPORTUNITIES

» Grétar Tryggvason prófessor og forseti,
Vélaverkfræðideild Worcester Polytechnic Engineering.


13. mars
FRAMTÍÐARSÝN FINNA Í TÆKNI

» Matti Pursula rektor,
Helsinki University of Technology


3. apríl
LÍNUR Í FRAMTÍÐARÞRÓUN ÍSLENSKS SAMFÉLAGS

» Skýrslan Framtíðarsýn 2020
Hallgrímur Jónasson framkvæmdastjóri,
Nýsköpunarmiðstöð Íslands


» Framtíðarsýn út frá sjónarhóli verkfræðings
Jón Atli Benediktsson
þróunarstjóri HÍ


» Erlendar framtíðarskýrslur í íslensku ljósi
Sigurður Magnús Garðarsson prófessor,
Verkfræðideild HÍ


» Spá um mannfjölda 2007-2050
Ólöf Garðarsdóttir deildarstjóri,
Mannfjöldadeild Hagstofu Íslands


17. apríl
ÁHRIF HNATTRÆNNAR HLÝNUNAR Á VERKFRÆÐINA

» Yfirlit yfir áhrif hlýnunarinnar
Trausti Valsson prófessor, Verkfræðideild HÍ.
Höfundur bókarinnar How the World will Change – with Global Warming


» Öldurannsóknir er varða olíuvinnslu í sjó – og umskipunarhafnir. Gísli Viggósson
forstöðumaður, Siglingastofnun


» Áhrif hlýnunar á orkumálin
Óli Grétar Blöndal Sveinsson deildarstjóri,
Landsvirkjun Power


Allir velkomnir www.verk.hi.is

# *Hvað varstu að gera í leikskólanum í dag?*

**UMRÆÐAN**
Leikskólinn


KRISTÍN DÝRFJÖRÐ

Hvað varstu að gera í leikskólanum í dag? Þetta er spurning sem heyrist daglega á þúsundum heimila í landinu. Margir hafa líka fengið svarið hér að neðan, „leika mér“. Daginn í dag, 6. febrúar, hefur Félag leikskólakennara í samstarfi við menntamálaráðuneyti, Heimili og skóla og Samband íslenskra sveitarfélaga, ákveðið að tileinka leikskólanum, börnum hans og málefnum. Dagurinn er hátíðisdagur okkar leikskólakennara vegna þess að við stofnuðum stéttar- og fagfélagið okkar fyrir tæpum 60 árum á þessum degi.

## Leikurinn ávallt í fyrirrúmi

Sumt hefur breyst og annað ekki frá þeim tíma sem leikskólar voru fyrst starfræktir á Íslandi. Frá upphafi hefur áhersla á leik barna einkennt starfið. Leikurinn hefur verið bæði markmið og leið leikskólastarfsins. Meðal annars vegna vissu frumkvöðlanna um að börn hafi innri þörf fyrir að leika sér og að í gegn um leikinn þroskist þau. Við sem trúum á gildi leiksins lítum ekki á hann sem afþreyingu, heldur teljum við hann mikilvægt og mótandi afl í lífi okkar flestra. Í leikskólanum er leikumhverfi og efniviður skipulagður þannig að börn læra m.a. um jafn ólíka þætti og vináttu, samhug, menningu, samstarf, læsi, stærðfræði og náttúrufræði. Oftast er þetta allt samþætt í leik.

Ef litið er á sameiginlega þætti í daglegu starfi flestra leikskóla án tillits til stefnu eða strauma, má glögglega sjá þau námstækifæri sem í þeim felast. Einn þessara þátta er útiveran – aðalsmerki flestra íslenskra leikskóla.

## Námstækifæri sem felast í útiveru

Leikskólar leggja almennt mikla áherslu á útiveru. Bæði vegna þess að hún er hluti af menningu okkar, en ekki síst vegna þess að útivera gefur ótal tækifæri til að nema og þroskast. Má þar fyrst nefna aukið þol og liðleika; börn hlaupa, hjóla, hrópa, moka og róla. Þau læra að standa á öðrum fæti, hoppa í parís og fara í hópleiki. Þetta eru allt atriði sem hafa áhrif á úthald og leikni. Í útiveru æfa börn sig um leið í gildum lýðræðisins. Þau vinna saman að því að skapa eigin reglur og leiki og hjálpast að. Stundum þurfa börnin að hugga félaga sem hefur dottið á sprettinum, eða komast að samkomulagi um hver eigi að fá að hjóla næst á þríhjólinu.Þau leika það sem hæst stendur í lífi þeirra þá stundina, hvort sem það er leðurblökumaðurinn, gæludýrabúðin eða fjölskyldan. Í útiveru er kennd náttúrufræði; bent á ský og skýjafar, hegðun og áhrif vindsins skoðuð og hitastigið metið, kannað hvernig áhrif rigningin hefur á jarðveg og plöntur, hvernig sumt dregur í sig vatn á meðan annað hrindir því frá. Það er fylgst með hvernig

www.volkswagen.is




Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

# Einkavæðing Íbúðalánasjóðs

**UMRÆÐAN**
Íbúðalánasjóður


JÓN BJARNASON

Ný skoðanakönnun sýnir að yfir 80% þjóðarinnar eru jákvæð gagnvart Íbúðalánasjóði. Staðfest er þar með barátta vinstri grænna sem hafa varið sjóðinn af hörku, þegar aðrir flokkar vildu leggja hann niður. Í skoðanakönnun Gallup kemur fram mjög skýr vilji fólks fyrir því að Íbúðalánasjóður starfi áfram í óbreyttri mynd og hefur hlutfallið aldrei verið jafn hátt.

## Sjóður fólksins

Skemmst er að minnast aðfarar Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins, Halldórs Ágrímssonar, að Íbúðalánasjóði. Dyggilega studdir af hægri armi Samfylkingarinnar töldu þeir brýnasta málið fyrir fjármálalífið í landinu að leggja Íbúðalánasjóð niður. Munaði minnstu að þeim tækist það ætlunarverk sitt. Einkavæddir bankarnir áttu að fá veð í öllu íbúðarhúsnæði landsmanna. Sú stefna forystumanna Sjálfstæðisflokkins virðist óbreytt. Og enn er tekist á um framtíð sjóðsins.

## Baráttumál vinstri grænna

Barátta okkar vinstri grænna fyrir Íbúðalánasjóði þótti gamaldags og heyra fortíðinni til en þjóðin er okkur sammála. Það eru svo sannarlega grundvallarmannréttindi að eiga þak yfir höfuðið. Hátt hlutfall eigin húsnæðis er styrkur íslensks velferðarkerfis. Leiguhúsnæði á hagkvæmum kjörum á að standa til boða þeim sem það kjósa. Ekki trúi ég því að menn vildu sjá íbúðareigendur á Íslandi í sama vanda og í Bandaríkjunum en ógætilegar lánveitingar bankanna með veði í íbúðarhúsnæði skekja nú fjármálin þar vestra og þau vandamál teygja anga sína hingað.

## Óábyrg stefna bankanna

Sú ábyrgðarlausa stefna bankanna hér að lána upp í topp út á íbúðarhús til almennrar eyðslu hleypti af stað þenslu án innistæðu. Þessi aðgerð bankanna bitnar nú hart á skuldsettum heimilum sem ráða illa við greiðslubyrðina þegar harðnar á dalnum. Hins vegar meta bankarnir niður húsnæði á landsbyggðinni og því fer fjarri að íbúar landsins njóti jafnræðis þegar veðhæfni eigna þeirra er metin Það var furðuleg ákvörðun félagsmálaráðherra á sl. sumri að skerða lánshlutfall Íbúðarlánasjóðs. Sú ákvörðun bitnaði nánast alfarið á íbúðakaupendum á landsbyggðinni og láglaunafólki.

## Íbúðalánasjóður fyrir alla

Koma þarf nú strax til móts við ungt fólk sem berst fyrir því að eignast þak yfir höfuðið og hækka þarf vaxta- og húsaleigubætur en þær hafa staðið í stað undanfarin misseri.

Gæta þarf þess að Íbúðalánasjóður þjóni áfram landsmönnum öllum á jafnréttisgrunni. Sumir andstæðingar sjóðsins hafa lagt til að hann þjóni eingöngu sértækum aðgerðum við einstaka þjóðfélagshópa en aðrir sæki lán á almennum markaði. Slíkar hugmyndir eru stórhættulegar og ganga gegn almannahagsmunum.

Nú er unnið að endurskoðun á starfsemi Íbúðalánasjóðs. Vonandi er að Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra láti ekki undan kröfum frjálshyggjuaflanna í Sjálfstæðisflokknum og hægri arms Samfylkingarinnar, heldur standi með okkur í VG og verji Íbúðalánasjóð og almannahlutverk hans.

*Höfundur er alþingismaður VG.*

sumarið kemur á eftir vorinu og hvernig líf túnfífilsins breytist frá því að vera lítill knúppur til þess að verða bifukolla. Þannig eru börn að læra að raða, flokka, að para saman, telja, setja í tímaröð og margt fleira.

**Hin vísindalega aðferð**

Námstækifærin í leikskólanum – til að læra um samvinnu, um samkennd, vináttu, menningu, stærðfræði, náttúrufræði, bernskulæsi – eru óteljandi á hverjum degi, líka í útiverunni. Það skiptir hins vegar máli að sá sem skipuleggur starfið kunni að leiða börnin að námstækifærunum, hann hafi þekkingu á hvað hann er að gera. Hjálpi börnunum að orða verkefnin, fái börnunum verkfæri til að spá fyrir um og setja fram eigin tilgátur og sannreyna þær. Hvers vegna myndast pollar á lóðinni? Hvert fara pollarnir? Hvað þarf margar fötur af sandi til að fylla stóra holu sem fimm krakkar hafa mokað? Hvað getur einn krakki rólað hátt? Uppeldisfræðileg skráning er meðal þeirra verkfæra sem leikskólakennarar nota til að gera námið í leikskólanum sýnilegt og áþreifanlegt. Hún getur falist í því að skrá tilgátur barnanna og í framhaldinu að ákveða næstu skref. Eða t.d. því að taka ljósmyndir af námsferlum barnanna. Með skráningum er foreldrum og samfélaginu öllu opnaður skjár inn í leikskólann og hugarheim barna.

**Hvers vegna að verða leikskólakennari?**

Fyrir rúmum aldarfjórðungi stóð ég frammi fyrir því að ákveða hvað ég vildi nema eftir stúdentspróf. Í boði voru fjölbreyttir möguleikar. Ég valdi að verða leikskólakennari vegna þess að í leikskólanum er hver dagur nýr dagur, með nýjum áskorunum. Þar sem ávallt eru ný og spennandi tækifæri til sköpunar, þróunar og náms. Ég hef alla tíð verið stolt af vali mínu. Stolt yfir að vera leikskólakennari.

*Höfundur er leikskólakennari og lektor við Háskólann á Akureyri.*

## AF NETINU

### Sjónvarp Árni Johnsen

**Hlynur Þór Magnússon**

**hlynur.eyjan.is**

Í þingræðu í gær kvaðst Árni [Johnsen] vilja að þingið sjálft annist sjónvarpsdagskrárgerð með fréttum og umræðum um þingstörfin. Ætli þetta myndi ekki gilda um fleira en störf Alþingis? Er það t.d. ekki ótækt að láta fjölmiðlamenn velja hvað birtist í fréttum varðandi störf ríkisstjórnarinnar? Skekkir það ekki líka dómgreind og ruglar fólk? Væri nokkuð minni þörf á því að setja á fót Sjónvarp Ríkisstjórn svo að almúginn fái réttar fréttir? Meiri þörf, ef eitthvað er? Og jafnvel Sjónvarp Stjórnarandstöðu í sama tilgangi?

### Klofin Framsókn

**Össur Skarphéðinsson**

**ossur.hexia.net**

Staðreyndin er sú að Framsókn er klofin ofan í rót í Evrópumálum, og enginn veit fyrir hvað hún stendur í þeim. Forysta flokksins talar út og suður, norður og niður, og himinn og haf skilja skoðanir formanns og varaformanns flokksins. Það gildir því miður ekki bara um Evrópu og evru, heldur flest annað - einsog speglast með sannfærandi hætti í könnunum á fylgi. Guðni Ágústsson, formaður flokksins, er þannig algerlega á móti Evrópusambandinu. Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður, er hins vegar grjótharður Evrópusinni.


ALVÖRU 6 ÞREPA SJÁLFSKIPTING
EYÐIR AÐEINS FRÁ 5.0 l/100 KM
KOLEFNISJAFNAÐUR Í EITT ÁR
GOLF GTI® BÍLL ÁRSINS 2008 Car&driver
DÚXAÐI Á EURO NCAP PRÓFINU
HLAUT GULLNA STÝRIÐ
SVEIGJANLEGIR SÖLUMENN

...á öryggisprófinu.

**Komdu og prófaðu betur búinn Golf á frábæru verði.**

Það er höfuðatriði að vera á öruggum bíl í umferðinni og fáir standa Golf framar í þeim efnum, enda fékk hann hæstu einkunn á Euro NCAP prófinu. Í Golf tvinnast saman hágæðahönnun, framúrskarandi aksturseiginleikar og nýstárleg tækni. Kraftalegur afturhluti og sportlegar línur í bílnum gefa fyrirheit sem aksturseiginleikarnir standa fyllilega undir.

**Golf Trendline kostar aðeins frá**

**2.098.000 kr.**

Eða **24.740 kr. á mánuði** miðað við bílasamning til 84 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 7,06%. Aukabúnaður á mynd: Álfelgur og samlitur.

Bættu við Sportpakka fyrir **290.000 kr.** Álfelgur, samlitur, armpúði á milli framsæta og rafstýrð sóllúga.

Das Auto.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA


# Fókusinn settur á kjarnastarfsemi

**UMRÆÐAN**

Stúdentapólitík

Í hagsmunabaráttu stúdenta er einn málaflokkur þess eðlis að um hann geta allir nemendur Háskóla Íslands sameinast, en það er málaflokkur mennta- og kennslumála.

Vaka, félag lýðræðissinnaðra stúdenta, hefur alla tíð sett þessi sameiginlegu hagsmunamál allra stúdenta í forgang og lagt áherslu á að Háskólinn bæti sig verulega í mennta- og kennslumálum. Er það í raun nauðsynlegt ef Háskólinn ætlar að ná markmiði sínu um að komast í hóp fremstu háskóla í heimi innan fárra ára.

Það má segja að í grófum dráttum skiptist úrbætur í mennta- og kennslumálum í tvennt, annars vegar þær er snúa að skipulagsmálum og betri nýtingu á tíma stúdenta og hins vegar gæðamál og kennsluna sjálfa.



HILDUR BJÖRNSDÓTTIR



SIGRÍÐUR INGIBJÖRG GÍSLADÓTTIR

**Bætt skipulag kennslu við Háskóla Íslands**

Góð skipulagning og góð nýting á tíma er einn mikilvægasti þátturinn í því að ná góðum námsárangri. Því er mikilvægt að nemendur geti strax í upphafi skólaárs skipulagt námið og tíma sinn fyrir fram. Vaka hefur bent á nokkur atriði í þessu samhengi sem hæglega ætti að vera hægt að koma í verk. Eitt þessara atriða er að próftöflur verði tilbúnar áður en nemendur skrá sig í námskeið, en þetta kæmi stúdentum mjög til góða og myndi auðvelda þeim mjög að skipuleggja nám sitt. Annað atriði er að haustönninni verði flýtt um nokkra daga svo að jólaprófum ljúki eigi síðar en 17. desember. Með þessari breytingu myndi allt stress minnka til muna rétt fyrir jólin, einkunnir myndu skila sér fyrr og þar með námslánin líka.

**Gæði kennslu verði aukin til muna**

Vaka vill einnig að gæði kennslu verði bætt og telur í raun sjálfsagt að öll námskeið séu kennd af áhugasömum og metnaðarfullum kennurum. Í dag fá prófessorar og kennarar við skólann umbun fyrir rannsóknarvinnu og birtar greinar í fræðitímaritum. Góðir rannsakendur fá hærri laun sem er hið besta mál, en góðir kennarar fá hins vegar enga umbun fyrir afburðakennslu. Vaka hefur bent á að meta eigi kennara einnig út frá kennslunni og að þeir fái kennslupunkta, sambærilega við rannsóknarpunkta, sem síðan myndu skila sér í hærri launum. Með þessu væri komin aukin hvatning fyrir kennara til að standa sig vel í kennslu en ekki bara í rannsóknum. Einnig má benda á það, þrátt fyrir að mörgum þyki það of viðkvæmt mál til að ræða, að Háskólinn verður að geta rekið slæma kennara ætli hann sér að lifa af í samkeppnisþjóðfélagi nútímans og eiga von um að komast í hóp hundrað bestu skóla í heimi.

Vaka hefur alla tíð lagt áherslu á að leita lausna og vinna sem mest með Háskólanum, stjórnvöldum og öðrum aðilum að því að leysa málin. Þetta á ekki hvað síst við í mennta- og kennslumálunum og hefur Vaka sett fram fjölmargar lausnir og tillögur að úrbótum. Þessar aðferðir hafa skilað góðum árangri þau ár sem Vaka hefur stýrt starfi Stúdentaráðs og er það von félagsins að í Stúdentaráðskosningunum, sem fara fram í dag og á morgun, fái félagið tækifæri á ný til að koma þessum mikilvægu málum á dagskrá.

*Sigrún Ingibjörg skipar 1. sæti á lista Vöku til Háskólaráðs og Hildur 2. sæti á lista Vöku til Stúdentaráðs.*

**BOB MARLEY TÓNLISTARMAÐUR FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1945.**

*„Ég er hvorki í liði svartra né hvítra. Ég er í liði guðs.“*

***Bob Marley var reggítónlistarmaður og mannréttindasinni frá Jamaíka. Hann lést árið 1981.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 6. FEBRÚAR 1993

## *Samar fagna þjóðhátíð í fyrsta sinn*



Samar eru þjóðflokkur sem býr á svæðinu frá norska fylkinu Heiðmörk að Kolaskaga í Rússlandi. Flestir halda til á svæði sem nefnist Nordkalotten auk fjarðanna í Norður-Noregi, Norður-Svíþjóð og Norður-Finnlandi og við landamæri Rússlands. Samarnir lifa flestir á hreindýrarækt, landbúnaði og minni útgerð. Samarnir hafa barist fyrir réttindum sínum í fyrrnefndum löndum í áraraðir. Þeir höfðu áður fyrr lítil sem engin réttindi og voru útskúfaðir og ofsóttir. Einnig var þeim gert að hafna menningu sinni, tungumáli og hefðum þar sem það þótti ekki samborið kristinni trú og samfélagi, sérstaklega í Noregi og Svíþjóð. Í dag hafa þeir að miklu leyti fengið uppreisn æru. Menning þeirra er viðurkennd af samfélaginu, þeir eiga sitt eigið þing, eigið tungumál, eigin fána og hafa sömu réttindi og aðrir landsmenn.

Þeir fagna þjóðhátíðardegi sínum þennan dag til minningar um fyrsta samíska landsfundinn í Þrándheimi árið 1917 þegar Samarnir komu saman í fyrsta sinn til að vinna að sameiginlegum hagsmunum.

Það er erfitt að geta sér til um hve margir Samar eru en talið er að þeir séu rúmlega sextíu þúsund. 1.600 í Rússlandi, 7.000 í Finnland, 17.000 í Svíþjóð og 40.000 í Noregi. Í dag talar um þriðjungur þeirra samíska tungumálið.

### MERKISATBURÐIR

Ferskar Kjötvörur óskar eftir starfsmönnum í kjöt og fiskborð Hagkaupa um helgar og seinnipart á virkum dögum. Nánari upplýsingar veitir Ómar í s. 660 6300 eða Rúnar s. 699 4000.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

**Kornið Borgartúni.**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu frá kl. 05.30-13:30. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

**Kornið auglýsir**
Kornið Bíldshöfða óskar eftir eldri konum til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 8-17. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur leikvöllur fyrir fullorðna.

Vélavörð og háseta vantar á tæplega 200 tonna neta og dragnótarbát. Einnig vantar matsvein á 80 tonna netabát. Báðir eru gerðir út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

**Vantar starfsfólk?**
Hendur.is er nýr vefur sem aðstoðar fyrirtæki við að finna rétta starfsfólkið. Ef auglýsingin skilar ekki árangri færðu hana frítt. WWW.HENDUR.IS

**Safnanir**
Íþróttafélög, félagasamtök og aðrir stórir hópar. Vantar fólk til skamms tíma í talningu. WWW.HENDUR.IS

Eldri múrari óskar eftir múrverki td. múra bílskúra, kjallara, ýmsar viðgerðir, hlaða veggi og pússa, einnig flísalögn. Uppl. í S. 866 3175.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, vélamenn o.fl. S. 845 7158.

## Viðskiptatækifæri

Múrarar: til sölu ýmis tæki fyrir múriðn. Uppl. í síma 856 5060.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Senegal fuglinn okkar slapp út í gærkvöldi, erum í Rimahverfi. Hans er sárt saknað! símar 663 9390 og 534 8334.

## Ýmislegt

**Skeggmódel**
**Skeggmódel vantar í Iðnskólann í Reykjavík. Skeggsnyrting nánast vikulega á miðvikudögum eftir hádegi.**
**Áhugasamir hafi samband við Þóru í s. 690 6346.**

## Tilkynningar



**Nú er komið að því stelpur!**
**Því miður stelpur vegna mikilla anna þá hef ég ekki haft tíma fyrir ástkonur undanfarið. En nú er minn tími kominn! Ég er í góðri vinnu, á bíl, leigi hjá félaga mínum og er með kreditkort. Þú gætir alveg átt sjéns í mig;)**
**Þær sem vilja gleðja mig á afmælisdaginn hafið samband í síma 864 6999**

Viðskiptavinir athugið.eg er hætt störfum á hárgreiðslustofunni Xit Hlíðasmára. Endilega hringið og við finnum út úr því. Uppl. í s. 616 2283. Kveðja Brynhildur (binna).

# Kennarar!

Grunnskólann í Búðardal vantar kennara til starfa sem fyrst. Um er að ræða kennslu í 2. bekk og íslensku í 9. bekk. Upplýsingar um starfið veitir Guðrún G. Halldórsdóttir, skólastjóri, í síma 434-1466/862-8778/ggh@ismennt.is

## ATVINNA ÓSKAST

# Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

# Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.

**Kraftafl ehf**

## ATVINNA

1908 2008
*Hafnarfjörður hundrað ára*

# Skólastjóri Setbergsskóla

**Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar auglýsir lausa stöðu skólastjóra við Setbergsskóla.**

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að leiða áfram gott faglegt samstarf í skólanum og hafa að leiðarljósi að gott skólastarf má ávallt bæta.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Kennarapróf og kennslureynsla
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði æskileg
- Frumkvæði og samstarfsvilji
- Góðir skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Hafi áhuga og/eða reynslu til að leiða þróunarstarf í átt að einstaklingsmiðuðu námi

Setbergsskóli er heildstæður grunnskóli og eru nemendur nú tæplega 600.

Skólinn hefur í áraraðir haft á að skipa góðu fagfólki og þar ríkir jákvæðni og góður starfsandi.

Setbergsskóli er forystuskóli í læsi og námsvitund.

**Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna skólastjórastarfi. Þá er æskilegt að með umsókn fylgi greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og þær áherslur sem hann vill leggja í starfi Setbergsskóla til framtíðar.**

*Allar upplýsingar um stöðuna veitir Magnús Baldursson, fræðslustjóri í síma 585 5800, magnusb@hafnarfjordur.is.*

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna.**

**Umsóknum ber að skila á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður.**

**Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar 2008.**

**Hafðu samband og fáðu upplýsingar um Hafnarfjörð og hundrað ára afmæli Hafnarfjarðarkaupstaðar í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is**

## TILKYNNINGAR

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.**

**Klettagarðar 27**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Klettasvæði vegna lóðarinnar að Klettagörðum 27.
Tillagan gerir ráð fyrir að lóðin er stækkuð um 1.686m² og skipulagssvæðið stækkað lítillega til vesturs. Byggingareitur er stækkaður og bætt við byggingareit neðanjarðar. Innkeyrslum er fjölgað, úr einni í tvær og nýtingarhlutfall verður 0,7 í stað 0,5 áður.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Sogavegur**
Tillaga að breytingu á texta í deiliskipulagsskilmálum Sogavegar vegna kvista.
Tillagan gerir ráð fyrir að breyta texta í kafla “byggingareitir/kvistir” sem gerður var með samþykktu deiliskipulagi Sogavegar frá 7. okt. 2007. Í samþykktum texta stendur: “heimilt er að gera kvisti í samræmi við aldur og gerð húss og má samanlögð lengd þeirra ekki vara meira en helmingur af mænislengd þaks”. Texti eftir breytingu: “heimilt er að gera kvisti í samræmi við aldur og gerð húss. Lengd kvists eða samanlögð lengd þeirra má aldrei vera meiri en 2/3 af húshliðinni”.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 6. febrúar 2007 til og með 19. mars 2008**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 19. mars 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 6. febrúar 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090





## STUÐ MILLI STRÍÐA Breytilegar hefðir

**SUNNU DÍS MÁSDÓTTUR** ER ANNT UM HEILSU GRUNNSKÓLABARNA OG GEÐHEILSU AFGREIÐSLUFÓLKS



Ég hef áður viðrað þær skoðanir að hefðir séu stórskemmtilegar og að ég sé íhaldssöm með eindæmum. Þessi þriggja daga syrpa er þar engin undantekning, þó að ég hafi vart munað eftir henni síðustu ár. Nú var ég aðeins betur undirbúin, þar sem ég varði síðustu dögum í pössun á leikskólastrák sem krafðist útskýringa á umræddum hefðum.

Strákurinn starði stóreygur á mig þegar ég útskýrði að á bolludegi ættu börn að elta foreldra sína um heimilið og flengja þau með þartilgerðum vendi á meðan þau öskruðu bolla-bolla-bolla. Þetta þóttu honum merkilegar upplýsingar í ljósi þess að hann og félagar hans eru sjaldan hvattir til slá fólk. Þar sem umræddir foreldrar voru fjarverandi bauðst ég góðfúslega til að vera í hlutverki fórnarlambsins. Ég þurfti hins vegar að láta íhaldssemina lönd og leið og var allt í einu á kafi í samningaviðræðum. Svo fór að drengurinn gaf aði ís-ís-ís í staðinn, þar sem hann borðar ekki bollur.

Íhaldssemin varð aftur að lúta í lægra haldi fyrir breytingum þegar ég fann hvergi bolluvönd, svo strákurinn varð að nota handafl. Ekki tókst mér að gera öskupokum góð skil heldur, enda virðast þeir líka vera í útrýmingarhættu. Saltkjötsátið var hins vegar með mjög hefðbundnu sniði: yfirdrifið. Ég mun eflaust þurfa að banka upp á á sjúkrahúsi á næstu dögum til að fá vatn í uppþornaða æð.

Öskudagurinn held ég að sé ennþá með sama sniði og þegar ég skoppaði um götur bæjarins og söng mig inn í hjörtu, og nammipoka, afgreiðslufólks. Það má hins vegar alveg ræða hversu gáfulegt það er að grunnskólakrakkar verji degi í að berjast í gegnum vetrarvinda til að syngja fyrir langþreytt afgreiðslufólk og uppskera nokkra gúmmíbangsa að launum. Þá er ég ekki bara að hugsa um velferð barnanna. Ég man nefnilega líka þegar ég var langþreytta afgreiðslukonan sem hlustaði á sautján útgáfur af Til hamingju Ísland í röð. Stundum er breytinga bara þörf.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott



63,07%

40,09%

33,18%




# Við stöndum upp úr

## Fréttablaðið er með 57% meiri lestur en 24 stundir og 90% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.




**Allt sem þú þarft...** **...alla daga**

Meðallestur á tölublað m.v. allt alndið 18–49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2007 – janúar 2008.

Fíton/SÍA

!

**Kl. 12.30**
*Marta G. Halldórsdóttir sópran og Snorri Sigfús Birgisson píanóleikari flytja ljóðaflokkinn Um ástina eftir Finn Torfa Stefánsson við ljóð Páls Ólafssonar í Hátíðarsal Háskóla Íslands kl. 12.30 í dag. Viðburðurinn er liður í Myrkum músíkdögum. Miðaverð er 1000 kr., en nemar, öryrkjar og eldri borgarar fá miðann á 500 kr.*

# menning

menning@frettabladid.is


GAMANÓPERAN
SÍGAUNABARÓNINN
EFTIR JOHANN STRAUSS - Íslensk þýðing: Egill Bjarnason og Þorsteinn Gylfason
Í GAMLA MJÓLKURSAMLAGINU BORGARNESI
Frumsýn. 7. feb. kl. 20.00- UPPSELT
2. sýn. 9. feb. kl. 20.00- ÖRFÁ SÆTI LAUS
3. sýn. 10. feb. kl. 20.00- NOKKUR SÆTI LAUS
4. sýn. 16. feb. kl. 20.00- LAUS SÆTI
5. sýn. 17. feb. kl. 20.00- LAUS SÆTI
6. sýn. 19. feb. kl. 20.00- LAUS SÆTI

Leikstjóri: Ása Hlín Svavarsdóttir • Stjórnandi: Garðar Cortes
Píanóleikur: Zsuzsanna Budai
Miðapantanir 437 1598 • tskb@simnet.is
Upplýsingar á: www.borgarbyggd.is
SPM
Tónlistarskóli Borgarfjarðar
MENNINGARRÁÐ VESTURLANDS Culture council of West Iceland

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið um helgina
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri.
Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Baðstofan forsýn. 6/2 uppselt, frumsýning lau. 9/2 uppselt, 10/2 örfá sæti laus
Vígaguðinn sýn mið. 6/2 uppselt, fös. 8/2, lau. 9/2
Kynning á Vetrarhátíð 7/2 kl. 21 allir velkomnir
norway.today sýn. 7/2 uppselt, boðssýn. 8/2
Ívanov sýn. 7/2, 8/2, 9/2 og 10/2 uppselt


# Skáld í för með presti

**Ljóðlist verður í hávegum höfð á tónleikum sem fara fram í Norræna húsinu á morgun á vegum Myrkra músíkdaga. Efnisskrá tónleikanna er að miklu leyti helguð séra Bolla Gústavssyni og ljóðum hans. Flutt verða lög við ljóð eftir vini Bolla og samtíðarmenn, en jafnframt verður frumflutt tónlist sem Anna Þorvaldsdóttir samdi við ljóðaflokk hans Almanaksljóð, en þar er um að ræða fjórtán ljóð úr bókinni Borðnautar.**


**TÓNLISTARKONUR** Pamela De Sensi, Sophie Schoonans og Gerður Bolladóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Séra Bolli Gústavsson, prestur í Laufási og síðar vígslubiskup á Hólum, er landsþekktur fyrir skrif sín. Hann vann bókmenntaverðlaun Almenna bókafélagsins árið 1982 fyrir æskuminningar sínar, Vorgöngu í vindhræringi.

Flytjendur á tónleikunum á morgun eru þær Sophie Schoonans hörpuleikari, Pamela De Sensi flautuleikari og Gerður Bolladóttir sópransöngkona, en hún er einmitt dóttir séra Bolla. „Mér þótti kominn tími til að ljóðin hans pabba væru sett við tónlist. Ég hef áður unnið með Önnu, hún hefur útsett tónlist fyrir mig, og því fékk ég hana til þess að semja tónlist við þennan ljóðaflokk sem nefnist Almanaksljóð. Ljóðin stikla á helstu messudögum ársins að fornu; þau lýsa náttúru, veðri og bústörfum en eru þó með trúarlegu ívafi. Ljóðin mynda heild sem hverfist um hringrás lífsins, dauðann og endurfæðingu náttúrunnar," segir Gerður.

Á tónleikunum verða einnig flutt lög eftir Ingibjörgu Þorbergs, Tryggva M. Baldvinsson, Hreiðar Inga Þorsteinsson, Atla Heimi Sveinsson og Jón Hlöðver Áskelsson við ljóð eftir Heiðrek Guðmundsson, Hjört Pálsson, Davíð Stefánsson og Kristján frá Djúpalæk. Gerður segir þessi ljóðskáld öll tengjast föður sínum og því við hæfi að þau fái sinn sess á tónleikunum. „Þessi fjögur skáld voru samtímamenn pabba og kunningjar hans og ljóð þeirra fara því vel með ljóðum hans. Að auki gaf pabbi á sínum tíma út samtalsbókina Fjögur skáld í för með presti þar sem hann ræddi við þessa menn. Því er dagskrá tónleikanna jafnframt að vissu leyti vísun í þessa skemmtilegu bók."

Tónleikarnir hefjast kl. 12.15 á morgun. Þeir verða svo endurfluttir í Laugarborg í Eyjafirði á sunnudag kl. 15. **vigdis@frettabladid.is**

# *Það er nauðsynlegt að gera tilraunir*

Tilraunir eru alltaf réttlætanlegar. Kannski hafa engin leikverk lent eins oft og eins mikið í tilraunasmiðjum og klassísk verk Shakespeares. Óþelló er þar engin undantekning. Það að blanda saman þremur tjáningarmátum, dansi, táknmáli og töluðu máli í samskiptum hins undirförla Jagó, hinnar iðilfögru Desdemónu og gamla ástsjúka Óþelló er snjöll grunnhugmynd.

Jagó er rógberi og naðra sem handritshöfundar um allan heim hafa líkt eftir í þúsundatali því hans fláræði og skítmennska er svo snilldarlega útfærð af hendi höfundar að hann verður eins og staðalímynd fúlmenna sem eru tilbúin til þess að sleikja rassa og sverja ranga eiða eins og ekkert sé. Þetta er mjög spennandi og margbreytilegt hlutverk, sem gefur svo sannarlega möguleika á því að sá sem það túlkar fikri sig upp og niður eftir tónstigum tjáningarinnar og smjúgi lævís inn undir skinnið á fórnarlömbum sínum. Hilmir Snær var flottur í þessari Jagóútfærslu þó svo að hann hafi verið heldur eintóna, eiginlega með allt of mikið vald eins og hann væri við stjórnvölinn og þau hin einhver börn sem áhorfendur skildu ekki af hverju hann var svona vondur við.

Þessi hugmynd er mjög spennandi en eigi get ég ímyndað mér að þeir sem ekki þekkja verk Shakespeares viti nokkurn skapaðan hlut um hvað þessi sýning var. Óþelló dansar um með rykkjum og kippum í leðurbrókum og svörtu vesti, minnir á nýnasista fremur en þeldökkan mann. Það er svo sem allt í lagi að taka það burt úr sagnaminninu, það að hann hafi verið dökkur á brún og brá og gamall. En það er svolítið mikið að ræna hann höfðingjabragnum í túlkuninni. Hinn dansandi Óþelló sem Brad Sykes túlkaði útgeislaði fyrst og fremst



hræðslu og stressi þannig að maður fékk aldrei á tilfinninguna að hér væri stórbrotinn yfirhershöfðingi á ferð.

Desdemóna elskar Óþelló en hún lætur lífið vegna tryllingslegrar afbrýðisemi sem til er komin vegna eiturfræja sem Jagó hefur sáð í sálu Óþellós. Hér er Desdemóna leikin af táknmálsleikkonunni Elsu G. Björnsdóttur. Hún er næm, hún er viðkvæm, hefur sterka útgeislun. Hún er flink og falleg og það er spennandi að fylgjast með henni og hér brá hún upp mjög trúverðugri mynd af þessari vammlausu stúlku. En þetta samskiptaform gekk samt einhvern veginn ekki upp.

Samtöl Jagós og Óþellós þar sem Hilmir Snær hefur bæði líkamsbeitinguna og orðin og Brad Sykes aðeins dansinn án svipbrigða, verða bara svolítið skrýtin. Kannski átti allur þessi fótasláttur í Óþelló að fyrirstilla einhvers konar flog eða aðra sjúklega kvilla? Í leikmyndinni eru vasaklútarnir orðnir að friðardúfum eða þvotti á snúrum en heldur skemmtilegur órói var settur á hreyfingu rétt áður en ógæfan dynur yfir. Tónlistin var pirrandi og þjónaði engan veginn atburðarásinni. Enn og aftur var brugðið á þann leiða leik að starta reykvél í blálokin bara eins og einhvers konar mengunarkækur án þess að hafa nokkuð með heildina að gera. Óþelló er búin að kyrkja sína elskulegu eiginkonu í einhvers konar meyjarskemmu og það er alveg nógu sorglegt því hún sýnir það svo sterkt í þessu atriði að hún heldur að hann sé að tjá henni ást sína, þannig að þetta reykatriði var bara eins og að sturta úr öskubakka yfir gesti í fínu boði.

Óþelló er hreint alveg frábært leikrit og löngu kominn tími til þess að flytja það í heild sinni. Margir muna nú líklega eftir þeim Kristínu (Light Nights) og Jóni Laxdal sem Desdemónu og Óþelló og Gunnar Eyjólfssyni sem hinum illræmda Jagó í sýningu Þjóðleikhússins í byrjun áttunda áratugarins, en það er alveg tímabært nú í fjölmenningarsamfélaginu að dusta rykið af handritinu öllu og skvera því upp á stórt svið með sterkum leikstjóra. **Elísabet Brekkan**

**LEIKLIST**

Draumasmiðjan sýnir í samstarfi við Borgarleikhúsið
**Óþelló, Desdemóna og Jagó**
byggir á Óþelló eftir William Shakespeare
**Höfundur leikgerðar:** Gunnar I. Gunnsteinsson
Byggir á þýðingu Helga Hálfdánarsonar
**Dans og sviðshreyfingar:** Ástrós Gunnarsdóttir
**Ljós:** Magnús Arnar Sigurðsson
**Leikmynd:** Vignir Jóhannsson
**Búningar:** María Ólafsdóttir


Í samstarfi við Vesturport
ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
27. febrúar
28. febrúar
2.mars
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is


# FLATSKJÁIR

## FRÁBÆR TILBOÐ




PIXEL PLUS HD

**Philips 42PFP5532D**
42" Plasma Pixel Plus HD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1024x768 punktar upplausn, Pixel Plus HD myndtækni sem eykur línufjölda og skerpu, Progressive Scan, HD Ready, 15.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control sem minnkar glampa, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2 x 30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

**TILBOÐ**
**139.995**
FULLT VERÐ **169.995**

HDMI




**Philips 19PFL4322**
19" LCD BREIÐTJALD með 1440x900 punkta upplausn, Crystal Clear III og Progressive Scan, HD Ready, 850:1 skerpu, Anti Reflection, 12w Nicam stereó með Incredible Surround, Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ**
**59.995**
FULLT VERÐ **69.995**




**Philips 20PFL4122**
20" LCD SJÓNVARP með 640x480 p. uppl., Crystal Clear III og Progressive Scan, 800:1 skerpu, 20w Nicam Stereó með Incredible Surround, Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður að XGA), textavarpi ofl.

**TILBOÐ**
**62.995**
FULLT VERÐ **74.995**




**Philips 20PFL5122**
20" LCD SJÓNVARP með 640x480 punkta upplausn, Crystal Clear III og Progressive Scan, 800:1 skerpu, FM útvarpi, 20w stereó með Incredible Surround, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI-I tengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ**
**64.995**
FULLT VERÐ **84.995**




**Philips 26PFL5322**
26" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn (VGA, SVGA, XGA), Digital Crystal Clear og Progressive Scan, 4000:1 skerpu, 20w stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart tengjum (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

**TILBOÐ**
**79.995**
FULLT VERÐ **89.995**




**Panasonic TX26LM70F**
26" V-Real LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, V-Real tækni, HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, VIERA Link, Backlight Control, 20w Nicam stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ**
**79.995**
FULLT VERÐ **109.995**




**Panasonic TX32LM70F**
32" V-Real LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, V-Real tækni, HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, VIERA Link, Backlight Control, 20w Nicam stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ**
**89.995**
FULLT VERÐ **119.995**




**Panasonic TX37LZD70F**
37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, V-Real Pro 2 Engine tækni, IPS Alpha skjá, Intelligent Scene Controller, Advanced 3D Colour management, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatt., textavarp ofl.

**TILBOÐ**
**189.995**
FULLT VERÐ **229.995**

Vreal²

VIERA LINK




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

**Heimilistæki**

ht.is

# Samgönguráð

**Flugmálastjórn Íslands - Siglingastofnun Íslands - Vegagerðin**
**Samgönguráðuneytið**

## Stefnumótun í samgöngum

Samgönguráð efnir til fimmta fundar í fundaröð sinni um stefnumótun í samgöngum. Fundarefnið að þessu sinni er:

## Almenningssamgöngur

**Sporvagnakerfið í Stuttgart – tekist á við áskoranir 21. aldarinnar**
– Manfred Bonz fv. yfirmaður almenningsvagna í Stuttgart í Þýskalandi

**Samþætt svæðis- og samgönguskipulag með almenningssamgöngur sem burðarás**
– Gunnar Eiterjord yfirmaður samgöngumála hjá Rogalandsfylki í Noregi

**Drög að skýrslu um almenningssamgöngur sveitarfélaga**
– Páll Brynjarsson, formaður nefndar um þetta efni skipaðri af samgönguráðherra

**Umræður og fyrirspurnir**

Fundarstjóri er Dagur B. Eggertsson formaður samgönguráðs

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 7. febrúar 2008 kl. 15:00 – 17 á Grand Hótel Reykjavík. Aðgangur er ókeypis og öllum er heimill aðgangur. Væntanlegir þátttakendur eru vinsamlegast beðnir að skrá sig á netfangið postur@sam.stjr.is eigi síðar en klukkan 12:00 þann 7. febrúar 2008.



VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele TILBOÐ

Íslenskt stjórnborð •
Íslenskar leiðbeiningar •
Stórt hurðarop •
20 ára ending •

vilborga@centrum.is

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W1514 | 149.285 | 104.500 |
| 1400sn/mín/5 kg | | |
| Þvottavél W1714 | 179.600 | 134.700 |
| 1400sn/mín/6 kg | | |
| Þurrkari T7644C | 142.144 | 99.500 |
| rakaþéttir/6 kg | | |

Þvottavél verð frá kr.:
**104.500**

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200


### > FÉKK FRÉTTIRNAR Á KORTI

„Konan mín sendi mér kort með hljóði á. Og ég varð miklu spenntari fyrir vikið. Ef hún hefði sagst ætla að segja mér einhverjar fréttir þá hefði ég ekkert verið neitt sérstaklega spenntur.“ Matthew McConaughey fékk fréttir af óléttu konu sinnar, Camilu Alves, með hljóðkorti.



# Fólk

folk@frettabladid.is

## 250 miðar á klukkustund

**Þeir 250 miðar í aukasæti sem settir voru í sölu í gærmorgun á 20 ára afmælistónleika Sálarinnar hans Jóns míns seldust upp á rúmlega klukkustund. Áður höfðu stúkumiðar á tónleikana selst upp á innan við sólarhring.**

**Miðum í stæði fer ört fækkandi þannig að útlit er fyrir að það verði kátt í Laugardalshöll hinn 14. mars þegar Sálin stígur þar á stokk. Á tónleikunum býður sveitin upp á umfangsmikla dagskrá sem spannar allan feril hennar.**

**Sálverjum til halds og trausts verða blásarar, strengjasveit, gospelkór og fleiri aðstoðarmenn, auk þess sem leynigestir láta sjá sig.**



**SÁLIN** Sálin hans Jóns míns heldur afmælistónleika í Höllinni 14. mars.

# Arftaki Stellu McCartney

**Breska tískumerkið Preen sýndi línu sína fyrir haustið 2008 á tískuvikunni í New York um helgina. Þetta er í annað skiptið sem hönnuðirnir Thea Bregazzi og Justin Thornton sýna þar í borg og segjast þau hafa sótt innblástur í bandaríska menningu. Línunni var vel tekið af áhorfendum, og sagði blaðamaður Style.com til dæmis að hér séu komnir arftakar Stellu McCartney, sem eigi ekki lengur einkarétt á þessari tegund af afslöppuðum flottheitum.**





### BRETLAND OG BANDARÍKIN MÆTAST

Bresku hönnuðirnir að baki Preen sögðust hafa sótt innblástur sinn í bandaríska menningu fyrir haustlínuna. Þar eiga að mætast grunge-tískan sem Kurt Cobain gerði svo fræga, og stíllinn úr kvikmyndinni 9 1/2 Weeks.

Köflótt efni voru áberandi á sýningunni, en í töluvert meira aðlaðandi formi en oft áður. Þau birtust til dæmis í formi næfurþunnrar mussu yfir blúnduskreyttri samfellu. Grátt, blátt og svart mun svo aftur setja svip sinn á haustið ef eitthvað er að marka Preen.










# MISSTU EKKI AF ÞRÆÐINUM

Notaðu tannþráð daglega.
Hann nær þangað sem burstinn kemst ekki og munnurinn verður hreinni og heilbrigðari.

LÝÐHEILSUSTÖÐ
– lifið heil



Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ATONEMENT | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| CLOVERFIELD | kl. 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 og 8 | 7 |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| WALK HARD | kl. 4 - 6 - 8 -10 | 14 |
| CLOVERFIELD | kl. 4 - 6 - 8 -10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| BRÚÐGUMINN LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| WALK HARD | kl. 6 - 8 -10 | 14 |
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| THE MIST | kl. 10.30 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 - 8 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ATONEMENT | kl. 6 - 9 | 12 |
| CHALIE WILSONS WAR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ATONEMENT | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| CLOVERFIELD | kl. 6 - 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




ÖSKUDAGS BÍÓ Í KRINGLUNNI KL.3 TILBOÐ KR.350

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SWEENEY TODD | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | 16 |
| SWEENEY TODD | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| UNTRACEABLE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 5:40 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8 | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| UNTRACEABLE | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |
| ALIENS VS. PREDATOR 2 | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SWEENEY TODD | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 10 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 8 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SWEENEY TODD | kl. 5:40D - 8D - 10:30D | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 8:20 - 10:30 | 16 |
| CLOVERFIELD | kl. 8:30 - 10:30 | 14 |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 6:10 | 7 |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 6:10 | L |
| (ÖSKUDAGS BÍÓ KL.3 TILBOÐ KR.350) | | |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 3 | |
| THE GAME PLAN | kl. 3 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN ÍSL TAL | kl. 3 | |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |
| ALIEN VS. PREDATOR 2 | kl. 10:10 | 16 |
| BUTTERFLY ON A WHEEL | kl. 8 | 16 |
| RUN, FAT BOY, RUN | kl. 10:10 | L |


# Íslenskt Ofviðri í Finnlandi

**Uppsetning Stefáns Sturlu Sigurjónssonar á Ofviðri Shakespeares í Finnlandi hlýtur lofsamlega dóma.**

„Ég flutti frá Íslandi fyrir einu og hálfu ári. Konan mín er sænskumælandi Finni. Hún fékk styrk til framhaldsnáms í Finnlandi og þess vegna erum við hérna í háskólabænum Vasa,“ segir Stefán Sturla Sigurjónsson, leikari og leikstjóri.

Hann hefur að undanförnu unnið hörðum höndum að uppsetningu Ofviðrisins hjá borgarleikhúsinu í Vasa í Finnlandi. Sýningin hefur hlotið góðar viðtökur og þannig skrifar Vasablaðið í gær ákaflega lofsamlega gagnrýni á verkið. Er uppsetningin sögð létt og stórkostleg og Stefán Sturla hafi forðast þá gryfju að byggja á stórum „effektum“: „Leikstjórn hans er gegnsýrð af léttleika og undirliggjandi húmor um leið og sagan og hið yfirnáttúrulega verður að einni heild á skemmtilegan og stílhreinan hátt, með gagnkvæmum áhrifum hinnar seiðandi tónlistar Hilmars Arnar Hilmarssonar.“

Stefán er að vonum kátur með þessa góðu dóma. En þegar hann kom til borgarinnar kynnti hann sig og sín verk fyrir leikhússtjórum beggja leikhúsa borgarinnar (sænsku- og finnskumælandi).

„Í framhaldi af því bauð leikhússtjóri Borgarleikhússins (finnskumælandi) mér að setja upp Ofviðrið sem er margslungið verk. Síðasta leikrit Shakespeares, skrifað árið 1611. Ég hef þá trú að manneskjan í dag hafi allt aðra eiginleika til að upplifa, skynja og skilja táknmál myndmálsins en fyrir tíu árum, hvað þá 400 árum. Öll nútímaþægindi og afþreying hefur þjálfað okkur til þess. Ég vinn því mikið með rýmið og skynjunina.“

Á þessari hugmyndafræði byggir Stefán uppsetningu sína meðal annars og virðist hafa hitt í mark. „Ég sæki einnig hugmyndir til norrænu goðafræðinnar. Ég vildi að uppsetningin væri augnakonfekt, bragðgóð fyrir eyrun og upplifun fyrir sálina.“



**STEFÁN STURLA** Hefur verið á yfirsnúningi í Finnlandi undanfarið ár.

Hvað varðar frekari frama innan hins finnska leikhúss, sem er viðurkennt sem eitt hið fremsta á veraldarvísu, er óráðið. Stefán er að skoða hvað stendur til boða. „Síðastliðið ár hefur verið á yfirsnúningi. Sem átti að vera „sabbatár“. Ég skrifaði bókina „Alína – Tönnin og töframátturinn“ sem kom út fyrir jólin hjá Fjölva bókaútgáfu. Gerði síðan leikgerð eftir sögunni og leikstýrði henni hjá mínu gamla leikfélagi á Sauðárkróki. Byrjaði síðan strax eftir frumsýningu á Alínu að vinna við uppsetninguna á Ofviðrinu.“ jakob@frettabladid.is



**ÚR SÝNINGUNNI** Stefán vildi að sýningin yrði augnakonfekt, bragðgóð fyrir eyrun og upplifun fyrir sálina.

# Pabbi ræður yfir fjármálum

Leyfi James Spears, föður söngkonunnar ólánsömu Britney Spears, til að hafa yfirumsjón með fjármálum hennar hefur verið framlengt til 14. febrúar. Hann hefur einnig leyfi til að meina fólki að hitta hana og hefur Britney, sem dvelur þessa dagana á geðdeild, verið bannað að eiga nokkur samskipti við vin sinn og umboðsmann Sam Lutfi.

Samkvæmt bandarískum lögum er hægt að skipa fjárgæslumann yfir manneskjum sem hafa ekki heilsu til að sjá sjálfar um sín mál. Eftir að Britney var lögð inn á sjúkrahús í annað sinn á tveimur mánuðum vegna vímuefnamisnotkunar og undarlegrar hegðunar var ákveðið að veita James leyfið.

Samkvæmt lögfræðingi Britney er hún ósátt við að pabbi sinn annist peningamál sín enda hafa samskipti þeirra ekki verið góð upp á síðkastið. Lögfræðingur James segir aftur á móti að hann sé ekki að taka yfir eigur hennar, sem eru metnar á að minnsta kosti 2,6 milljarða króna. Þvert á móti ætli hann að hafa umsjón með þeim á meðan hún jafni sig af veikindunum.

Dómstólar hafa beðið geðlækni um að meta hæfni hennar til að taka sjálfstæðar ákvarðanir og í framhaldi af þeirri rannsókn verður metið upp á nýtt hvort faðir hennar sjái áfram um fjármál hennar.



**BRITNEY SPEARS** Söngkonan hefur ekki átt sjö dagana sæla upp á síðkastið.


Sjötta sæti!!!....neðan frá!
ER ÞETTA ÁSÆTTANLEGT?




TANNHEILSA 12 ÁRA BARNA INNAN OECD
TANNVERNDARVIKA 3.-9. FEBRÚAR

Tannlæknafélag Íslands
tannsi.is

# Cheryl fyrirgefur Ashley

Cheryl Cole hefur ákveðið að gefa hjónabandi sínu og fótboltamannsins Ashley Cole annað tækifæri. Upp komst um endurtekið framhjáhald hans á dögunum. Samkvæmt heimildum Daily Star hefur Cheryl tjáð eiginmanni sínum að hún geti fyrirgefið honum, en að hún muni ekki þola frekari hliðarspor.

Bresku blöðin hafa greint frá nokkrum ástarævintýrum þessa smávaxna bakvarðar knattspyrnuliðsins Chelsea og hafa jafnframt gert mikið úr því að Cheryl hafi leitað til Victoriu Beckham um ráð. Kryddstúlkan þurfti einmitt á sínum tíma að kljást við framhjáhald síns manns, David Beckham, með Rebeccu Loos.

„Hún elskar Ashley ennþá, og vill trúa honum þegar hann segist elska hana líka,“ segir heimildarmaðurinn. „Hún hefur ákveðið að reyna allt sitt til að bjarga hjónabandinu. Fyrir henni er þetta loforð til lífstíðar, sem hún vill ekki brjóta,“ segir hann.



**SAMAN Á NÝ** Cheryl Cole hyggst fyrirgefa eiginmanni sínum ítrekað framhjáhald.



**TÓK ÞÁTT Í FEGURÐARSAMKEPPNI TEOFANI ÁRIÐ 1930** Sigurbjört Clara Lúthersdóttir.

# Fegurðardísin Clara

Fréttablaðinu hefur borist bréf vegna fréttarinnar „Gullæði á Djúpavogi“, sem birtist í blaðinu á sunnudaginn. Í greininni var fjallað um ýmsa fornmuni sem fundist hafa við endurbætur á Faktorshúsinu á Djúpavogi. Á meðal munanna er ljósmynd af stúlku sem tók þátt í fegurðarsamkeppni Teofani árið 1930. Myndin fannst á milli þilja. Nafn fegurðardísarinnar var óþekkt þar til núna.

Bjarni Júlíusson skrifar: „Þessi fallega stúlka var amma konunnar minnar og hét Sigurbjört Clara Lúthersdóttir, en alltaf kölluð Clara. Hún var fædd 12. ágúst 1911 á degi heilagrar Clöru og þaðan kom nafnið. Myndin var tekin af Lofti Guðmundssyni ljósmyndara árið 1928 þegar Clara var 17 ára. Tengdamóðir mín, Hafdís Bridde, dóttir Clöru, er fædd 22. júlí 1930. Clara var gift Jóni Inga Guðmundssyni sundkappa og sundkennara. Clara dó í mars 2001, nokkrum mánuðum áður en hún náði níræðisaldri.“

Teofani var vindlingategund sem Þórður Sveinsson og co., Hafnarstræti 10, hafði umboð fyrir. Þar fengust líka Swastika-vindlingarnir. Á þessum árum voru sígarettur auglýstar grimmt í dagblöðunum og oft með snörpu orðalagi eins og „Teofani er orðið, 1 króna 25 aurar á borðið“.

Fegurðarsamkeppni Teofani fór þannig fram að myndir af stúlkunum fimmtíu sem tóku þátt voru prentaðar á miða og gefnar með sígarettupökkunum. „Einn frægasti leikhússtjóri Englands“, Charles B. Cochrane, var svo fenginn til að dæma í keppninni og veitti hann „mynd númer 3“ fyrstu verðlaun, 500 kr.





Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



**L.R RANGE ROVER V8 diesel**
Nýskr: 12/2006, 3600cc, 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 25.000 þ.
**Verð: 11.100.000**



**BMW 530i**
Nýskr: 01/2004, 3000cc, 4 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 28.000 þ.
**Verð: 4.690.000**



**L.R. RANGE ROVER Supercharged**
Nýskr: 07/2006, 4200cc, 400hestöfl, 5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 0 þ.
**Verð: 12.750.000**



**BMW 335I Coupe**
Nýskr: 06/2007, 3000cc, 2 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 10.000 þ.
**Verð: 6.850.000**

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bíla land B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230

## > Ellefu vikna bið eftir útisigri

Topplið Keflavíkur í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta hefur nú tapað síðustu fjórum útileikjum sínum í deildinni, en er engu að síður á toppnum þar sem liðið hefur unnið alla níu heimaleiki sína. Keflavíkurkonur hafa tapað í Grindavík (framlenging), DHL-höllinni, Vodafone-höllinni (framlenging) og á Ásvöllum upp á síðkastið. Það ættu að vera góðar líkur á fyrsta útisigrinum í deildinni í rúmar ellefu vikur í kvöld þegar liðið sækir Hamar heim í Hveragerði í kvöld. Hamarsliðið hefur aðeins unnið einn af átta heimleikjum sínum í vetur og Keflavík vann fyrri leik sinn í Frystikistunni 81-70 hinn 14. nóvember síðastliðinn.



# sport

sport@frettabladid.is

**KEN WEBB, ÞJÁLFARI SKALLAGRÍMS:** VALINN BESTI ÞJÁLFARINN Í UMFERÐUM 9 TIL 15 Í ICELAND EXPRESS-DEILDINNI

## *Tekur tíma að breyta hugsunarhætti leikmanna*

Bandaríkjamaðurinn Ken Webb hefur náð frábærum árangri með lið Skallagríms í vetur og í gær var hann valinn besti þjálfari umferða 9 til 15 í Iceland Express deild-karla í körfubolta.

„Við erum búnir að leika vel í síðustu sjö leikjum þrátt fyrir að hafa glímt við meiðsli. Leikmennirnir hafa keypt það sem ég hef verið að predika og það hefur jafnan verið raunin að liðin mín hafa farið að spila betur eftir jól. Liðið hefur náð betur saman og leikmenn í liðinu hafa stigið fram og tekið meiri ábyrgð,“ sagði Ken Webb í gær. Skallagrímsliðið missti báða lykilmennina Axel Kárason og Milojica Zekovic í meiðsli en vann samt 5 af 7 leikjum sínum.

„Við erum með mjög góðan leikmann í Darrell Flake sem hefur verið bera okkar sóknarleik mikið uppi, en í vörninni hefur þetta verið sameiginlegt átak allra í liðinu,“ segir Ken Webb en Skallagrímur



fékk á sig fæst stig allra í umferðum 9 til 15.

„Það hefur tekið tíma að breyta hugsunarhætti leikmannana en ég eyði öllum tímanum í að tala um vörnina. Það hefur því tekið tíma fyrir menn að aðlagast og skilja það hvernig ég geri hlutina,“ segir Ken en það styttist í að hann verði kominn með fullskipað lið. Florian Miftari er byrjaður að æfa, Miljoca hefur náð sér af meiðslunum og það er von á Axel Kárasyni aftur í næstu viku.

„Markmiðið okkar er að komast í hóp fjögurra efstu og ná heimavallarrétti, því við vitum að við spilum vel uppi í Borgarnesi. Það yrði samt enginn heimsendir ef það næðist ekki því ef allir í liðinu trúa á og hafa keypt hugmyndafræði mína um varnarleik. Þá skiptir ekki öllu hvar við spilum,“ segir Ken, sem fagnar því að fá tækifæri á að leika við Fjölni svo stuttu eftir tap gegn liðinu.

„Næsti leikur á móti Fjölni er mjög mikilvægur, en það eru líka ekkert nema erfiðir leikir framundan hjá okkur. Við lærðum vonandi okkar lexíu í tapinu í bikarnum á móti Fjölni og ég verð mjög hissa ef mínir menn koma ekki tilbúnir í leikinn á fimmtudaginn,“ sagði Webb.


WEST HAM
BLACKBURN

Verð á mann í tvíbýli frá

58.900 KR.

13.–16. MARS

Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Portsmouth, Derby, og Newcastle.

+ Nánari upplýsingar: www.icelandair.is/ithrottaferdir

WWW.ICELANDAIR.IS

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 40741 02/08


# Hlynur besti leikmaðurinn

**Lið Snæfells, Grindavíkur, ÍR, Njarðvíkur og Skallagríms fengu öll viðurkenningar þegar KKÍ verðlaunaði fyrir umferðir 9 til 15 í Iceland Express-deild karla.**

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleikssambandið verðlaunaði í gær bestu frammistöðu leikmanna, þjálfara og dómara í umferðum níu til fimmtán. Snæfellingurinn Hlynur Bæringsson var valinn bestur, Ken Webb, þjálfari Skallagríms, þótti besti þjálfarinn og Kristinn Óskarsson var besti dómarinn í þessum sjö umferðum.

„Þetta gat ekki annað en batnað hjá okkur enda var þetta mjög lélegt um tíma. Við fengum tvo nýja leikmenn, Magna og Nonna [Jón Ólaf Jónsson], og það hjálpar okkur fullt,“ segir Hlynur um betri spilamennsku Snæfells að undanförnu. „Það verður mjög gott ef við fáum alla heila inn í úrslitakeppnina en fyrst þurfum við að vinna bikarúrslitaleikinn með öllum ráðum. Ég held að þetta sé tíminn sem best sé að vera að vaxa og svo toppum við eftir tvo mánuði,“ segir Hlynur, sem hefur sjálfur hefur bætt sinn leik frá því í byrjun tímabils. „Ég er búinn að spila miklu betur upp á síðkastið og hef tekið meiri ábyrgð í sókninni sem þjálfarinn bað mig um. Það hefur bara verið skemmtilegra þó að hitt hlutverkið fari mér líka ágætlega,“ segir Hlynur.



**MEÐ VERÐLAUNIN** Hlynur Bæringsson, leikmaður Snæfells. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hlynur hækkaði tölfræði sína mikið frá fyrsta hluta mótsins. Hann hækkaði framlagið um 6,5 stig, skoraði 4,3 stigum meira í leik og tók 0,9 fráköst í leik. Hlynur bætti einnig skotnýtingu sína um 7,2 prósent.

„Ég hefði viljað sjá Justin Shouse í liðinu. Hann er búinn að spila mjög vel og er líka skemmtileg týpa af amerískum leikmanni. Mér finnst alltaf jafnmerkilegt að sjá hvað hann er baráttuglaður og er duglegur að henda sér á eftir boltum. Maður hefur séð þá marga sem eru húðlatir og nenna þessu ekki og því er gott að sjá einn sem langar virkilega til að vinna,“ segir Hlynur en auk hans eru fjórir aðrir leikmenn í úrvalsliðinu.

Grindvíkingurinn Adama Darboe er leikstjórnandi úrvalsliðsins en hann var með 12,9 stig og 7,1 stoðsendingu í þessum hluta og spilaði frábærlega í sigrum Grindavíkur á toppliðum Keflavíkur og KR.

Njarðvíkingurinn Brenton Birmingham er skotbakvörður liðsins en hann var með 19,9 stig og 4,3 stoðsendingar að meðaltali í leik í hlutanum og mikilvægi hans sást ekki síst í sigurleikjunum þar sem að hann skorað 23,3 stig að meðaltali.

ÍR-ingurinn Hreggviður Magnússon er lítill framherji liðsins en hann var með 19,7 stig og 7,2 fráköst að meðaltali í þessum hluta. Hreggviður var með 20,3 stig og 57 prósent skotnýtingu í leikjum gegn liðum úr efri hlutanum.

Miðherji liðsins er svo Darrell Flake úr Skallagrími en hann var með 25,1 stig og 13,9 fráköst að meðaltali í þessum hluta, þar sem hann nýtti 57,6 prósent skota sinna utan af velli og 84,4 prósent víta sinna. ooj@frettabladid.is



**ÓSTÖÐVANDI** Tiffany Roberson hefur farið á kostum í síðustu sigurleikjum Grindavíkur gegn KR. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Iceland Express-deild kvenna:

## Stórleikur í DHL-höllinni

**KÖRFUBOLTI** Það er spennandi barátta framundan um deildarmeistaratitilinn í Iceland Express-deild kvenna og í kvöld fer fram einn af lykilleikjunum í þeirri baráttu þegar KR tekur á móti Grindavík í DHL-höllinni í Frostaskjóli.

Þetta verður í þriðja sinn sem liðin mætast og hefur heimaliðið unnið í öll skiptin, þar á meðal í undanúrslitaleik bikarsins þegar Grindavík sló KR út úr átta liða úrslitum Lýsingarbikarsins.

KR-konur hafa ekkert ráðið við Tiffany Roberson í síðustu tveimur leikjum liðanna en í þeim hefur miðherji Grindavíkurliðsins skorað 75 stig, tekið 40 fráköst, gefið 12 stoðsendingar og hitt úr 55 prósent skota sinna og 85 prósent vítanna. Grindavík hefur unnið báða leikina og hafa 83 stig KR-ingsins Monique Martin í leikjunum tveimur ekki dugað til.

Leikurinn hefst klukkan 20.00 í DHL-höllinni í Frostaskjóli en klukkan 19.15 mætast Hamar og Keflavík í Hveragerði og lið Fjölnis og Vals eigast við í Grafarvogi. - óój

Viktor Bjarki Arnarsson, leikmaður Lillestrøm, var á reynslu hjá GAIS á dögunum en fer ekki til félagsins:

# Ég er harðákveðinn að standa mig vel

**FÓTBOLTI** Viktor Bjarki Arnarsson, leikmaður norska liðsins Lillestrøm, var við æfingar og lék æfingarleik með sænska Íslendingaliðinu GAIS í Gautaborg. Jóhann B. Guðmundsson og Eyjólfur Héðinsson eru í herbúðum félagsins en voru hvorugur með í æfingaleiknum. GAIS tapaði á sunnudaginn 0-2 fyrir danska liðinu Bröndby og Viktor lék í tæpar 77 mínútur og þótti standa vel fyrir sínu.

„Þessi reynsla hjá GAIS kom nokkuð óvænt upp og ég ákvað bara í samráði við umboðsmann minn, Ólaf Garðarsson, að kýla á þetta.



**MEÐ GAIS** Viktor Bjarki er hér í treyju GAIS í leiknum gegn Bröndby á sunnudaginn. MYND/GUÐMUNDUR SVANSSON

Mér fannst mér ganga ágætlega í leiknum þrátt fyrir að ég sé ekki í góðu leikformi. Við vorum náttúrlega að spila við sterkara lið en GAIS er þannig að við lentum í smá eltingarleik í fyrri hálfleik en náðum þó að skapa okkur einhver marktækifæri og hefðum algjörlega átt að koma í veg fyrir mörkin sem við fengum á okkur. Þjálfari GAIS sagði við mig að ég hefði unnið góða varnarvinnu í fyrri hálfleik en lítið komið út úr mér sóknarlega, en ég veit svo sem ekki með það þar sem við vorum, eins og ég sagði, lítið með boltann,“ sagði Viktor Bjarki, sem fer þó að öllum líkindum ekki til GAIS ef marka má fregnir á opinberri heimasíðu sænska félagsins í gærkvöld.

„Ég er samningsbundinn Lillestrøm í tvö ár í viðbót og legg mig auðvitað 100% fram þar ef ekkert gerist í félagsskiptamálum hjá mér,“ sagði Viktor Bjarki, sem hefur fengið fá tækifæri með Lillestrøm eftir að hann kom til félagsins fyrir síðustu leiktíð. Viktor Bjarki meiddist áður en tímabilið hófst og þurfti svo að fara í uppskurð á ökkla á miðju sumri en var kominn inn í leikmannahópinn fyrir síðustu leiki tímabilsins.

„Það var náttúrlega erfitt að hafa meiðst strax í byrjun og þjálfarinn sem keypti mig var rekinn og það var ekkert að auðvelda hlutina fyrir mér. Eftir að ég kom aftur úr meiðslunum fékk ég hins vegar fá sem engin tækifæri hjá nýja þjálfaranum, sem kom með sínar hugmyndir og sína leikmenn inn í félagið. Það leiðinlegasta sem fótboltamaður gerir er náttúrlega að vera varamaður og ég er ekkert kominn til Skandinavíu til þess að sitja á bekknum og er harðákveðinn í að standa mig. Hvort það verður hjá Lillestrøm eða ekki verður bara að koma í ljós,“ sagði Viktor Bjarki ákveðinn í samtali við Fréttablaðið í gær. - óþ



**LEIÐTOGI** Enginn efast um leiðtogahæfileika Steven Gerrard. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fabio Capello, England:

# Gerrard er kjörinn fyrirliði

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, verður fyrirliði enska landsliðsins í fyrsta leik Fabio Capello við stjórnvölinn í æfingaleiknum gegn Sviss í kvöld. Capello er þó ekki búinn að ákveða hvort Gerrard haldi hlutverkinu í framtíðinni þegar John Terry, fyrirliði enska landsliðsins undir stjórn Steve McClaren og fyrirliði Chelsea, verður orðinn leikfær á ný.

„Gerrard er kjörinn í hlutverkið þar sem hann á auðvelt með að koma skilaboðum til skila og hvetja félaga sína áfram inni á vellinum. Ég ætla hins vegar ekki að velja varanlegan fyrirliða fyrr en í fyrsta leik okkar í undankeppni HM 2010 gegn Andorra í byrjun september,“ sagði Capello á fjölmiðlafundi fyrir leikinn í kvöld.

Fregnir herma að leikmenn enska landsliðsins séu nú þegar farnir að finna fyrir hörðum stjórnunarháttum Capellos þar sem hann mun hafa takmarkað notkun þeirra á GSM-símum og ekki viljað hafa kærustur eða eiginkonur nálægt æfingasvæðinu.

„Ég þurfti að skapa vinnuumhverfi og til þess þarf reglur,“ sagði Capello við fjölmiðla. - óþ



**SKORTIR LEIKFORM** David Beckham kom ekki til greina í landsliðshóp Capello þar sem hann hefur ekki spilað leik síðan í desember. NORDIC PHOTOS/GETTY

David Beckham, LA Galaxy:

# Skilur afstöðu Fabio Capello

**FÓTBOLTI David Beckham, 32 ára, viðurkenndi í viðtali við Sky Sports í gær að hann hefði verið sár yfir því að vera ekki í fyrsta landsliðshópi Englands undir stjórn Fabio Capello.**

**„Það eru óneitanlega alltaf ákveðin vonbrigði að vera ekki valinn í landsliðið. Ég er hins vegar ekki búinn að spila leik síðan í desember þannig að það hefði ef til vill verið óréttlátt upp að vissu marki að ég væri á meðal þeirra 30 leikmanna sem voru valdir í fyrstu,“ sagði Beckham, sem kvaðst ekki hissa á ákvörðun Capellos.**

**„Ég átti svo sem alveg eins von á því að vera ekki í hópnum. Ég veit hvernig þjálfari Capello er eftir að hafa unnið með honum hjá Real Madrid. Ef hann hefur minnsta grun um að þú sért ekki í 100% formi, þá mun hann ekki velja þig til þess að leika fyrir liðið og ég virði það og skil afstöðu hans fullkomlega,“ sagði Beckham, sem hefur verið við æfingar með Arsenal til þess að halda sér í formi og vonast eflaust til að fá tækifæri hjá Capello. - óþ**

Enn leitað að landsliðsþjálfara í handbolta:

# Erlendir þjálfarar vilja þjálfa íslenska liðið

**HANDBOLTI** Að sögn Guðmundar Ingvarssonar, formanns HSÍ, mun tæplega nokkuð gerast í landsliðsþjálfaramálum fyrir helgi.

Ekki er enn útséð með það hvort Svíinn Magnus Andersson geti farið í formlegar viðræður við HSÍ en hann er á meðal þeirra sem Handknattleikssambandið hefur haft samband við.

Andersson er þjálfari hjá danska félaginu FCK og framkvæmdastjóri félagsins vildi ekkert tjá sig við Fréttablaðið í gær, er eftir því var leitað. Hann benti á að Andersson gæti svarað fyrir sig sjálfur. Svíinn var sem fyrr þögull sem gröfin og þvertók fyrir að ræða málið. Sagðist einfaldlega ekki vera í neinni aðstöðu til þess að ræða það eins og stæði.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, staðfesti að hann hefði tekið við símtölum frá umboðsmönnum erlendis sem hefðu þjálfara á sínum snærum sem vildu skoða möguleikann á að taka við íslenska liðinu.

Einar sagði símtölin hafa komið í kjölfar þess að Fréttablaðið hefði hringt víða um Evrópu og talað við þjálfara. Það hefði augljóslega kveikt áhuga einhverra þjálfara, sem hefðu í kjölfarið haft samband við Einar og athugað möguleika á viðræðum. - hbg



**ÞJÁLFARALAUSIR** Íslenska landsliðið í handbolta er enn án þjálfara og allt opið í þeim efnum sem stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




> **Heath Ledger**

Heath Ledger lést nýverið í íbúð sinni í New York, aðeins 29 ára að aldri. Hann skildi eftir sig eina dóttur, Matildu, en vinur hans Jake Gyllenhaal er guð faðir hennar. Heath Ledger lék í kvikmyndinni Casanova sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 18.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SAT PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

# *Fastur liður eins og venjulega*

Fróðlegt verður að sjá hvernig áhorf mælist á þátt Bubba Morthens, Bandið hans Bubba, sem hóf göngu sína liðinn föstudag á Stöð 2. Þar er höldurinn í aðalhlutverki og tekur mest plássið, lög eftir hann eru sungin og leikin af áhugamönnum vítt og breitt um landið. Bubbi fer nokkrum orðum um flutninginn og er það á þessu stigi máls mest lof, bæði um flutninginn og ekki síður hann sjálfan.

Nú var upphaflegt erindi þáttanna að koma íslenskri tónlist á framfæri lofsvert – það kann að reynast nokkuð erfitt að lifa af á annan tug þátta ef þar verða bara uppi tónsmíðar eftir Morthens sjálfan. Íslenska lagasafnið lá mest hjá garði í fyrri hæfileikakeppnum Stöðvar 2, Idoli og X-faktor og sá Bubbi ástæðu til þess að gagnrýna það efnisval – eðlilega. Jafnvel í þætti eins og Það var lagið, sem var meira og minna fixeraður fyrirfram, urðu íslensk lög mest út undan í tónlistarstjórn Jóns Ólafssonar. Sá þáttur var þó upphaflega sprottinn úr hinum enda lagabankans – gömlu góðu lögunum – sem lifa í allra minnum með íslenskum textum. Sönglagahefðin íslenska lifir á þeim. Það er slæmt ef lög samin eftir 1950 verða það eina sem þjóðin man – fyrir utan lög Bubba, Stefáns Hilmarssonar og Gumma og Stuðmanna.

Verður Bandið hans Bubba, sá extra stóri skammtur með endalausri ábót, sá skammtur sem mun fylla kokið endanlega hjá stórum hluta áhorfenda – fær þjóðin loksins nóg af þessum raupsama riddara? Sáuð þið hvernig ég lagði hann? Sáuð þið hvernig ég lagði hana? Hér var ég, hingað kom ég. Var nema von að hljómsveitin héti Egó? Eða tekst honum og hans liði að snúa sinni snældu svo að áskrifendur Stöðvar 2 nenni að sitja yfir honum af vananum einum?



SJÓNVARP Ásbjörn Kristinsson Morthens í heila klukkustund.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Date Movie STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15** Gossip Girl STÖÐ 2



▶ **20.30** Fyrstu Skrefin SKJÁREINN



▶ **21.10** Doc Martin SJÓNVARPIÐ



▶ **21.10** Extreme: Celebrity Under the Knife SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Kappflugið í himingeimnum** e.

**17.55 Alda og Bára**

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Herkúles**

**18.23 Sígildar teiknimyndir**

**18.30 Fínni kostur** (19:21)

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Ljóta Betty** (Ugly Betty)

▶**21.10 Martin læknir** (1:7) (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwall-skaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.

**23.10 Íslenskt bíó - Englar alheimsins** Framvegis sýnir Sjónvarpið íslenska bíómynd fyrsta miðvikudagskvöld í hverjum mánuði. Nú verður sýnd kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Englar alheimsins, sem er byggð á sögu Einars Más Guðmundssonar um ungan mann og glímu hans við tilveruna e.

**00.50 Kastljós**

**01.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Date Movie**

**08.00 Seven Years in Tibet**

**10.15 In Good Company**

**12.00 Casanova**

**14.00 Seven Years in Tibet**

**16.15 In Good Company**

**18.00 Casanova** (Kvennabósinn)

▶**20.00 Date Movie** Sprenghlægileg gamanmynd þar sem gert er grín að mörgum af stærstu myndum síðustu ára.

**22.00 The Wool Cap**

**00.00 Dog Soldiers**

**02.00 Alfie**

**04.00 The Wool Cap**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 The Bold and the Beautiful**

**09.30 Wings of Love** (118:120)

**10.15 Sisters** (9:22) (e)

**11.00 Joey** (8:22)

**11.25 Örlagadagurinn** (17:30)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Grey´s Anatomy** (3:9)

**13.55 Sisters** (22:22)

**14.45 Las Vegas** (15:17)

**15.30 Til Death** (5:22)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Skrímslaspilið, Batman, Refurinn Pablo, Pocoyo, Könnuðurinn Dóra

**17.28 The Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.50 Ísland í dag og íþróttir**

**19.25 The Simpsons** (21:22) (e)

**19.50 Friends**

▶**20.15 Gossip Girl** (5:22) Einn heitasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi í dag. Þáttur um líf unga og ríka fólksins í New York, gerður af hinum sömu og gerðu The O.C.

**21.00 Nip/Tuck** (4:14) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.

**21.50 The Closer** (10:15) (Málalok) Þriðja sería þessa geysisterka spennuþáttar.

**22.35 Oprah** (What the Stylemakers Can´t Live Without)

**23.20 Grey´s Anatomy** (4:9)

**00.05 Stelpurnar**

**00.30 Kompás**

**01.05 Midnight Mass**

**02.40 Hybercube: Cube 2**

**04.15 Hotel Babylon**

**05.10 The Simpsons** (21:22) (e)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Þýski handboltinn** (Kiel - RN - Löwen) Útsending frá leik Kiel og RN Löwen í þýska handboltanum.

**16.25 Þýski handboltinn** (Kiel - RN - Löwen) Útsending frá leik Kiel og RN Löwen í þýska handboltanum.

**17.45 Gillette World Sport**

**18.15 Spænsku mörkin** Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.

**19.00 David Beckham: New Beginnings** (Heimildarmynd) Heimildarmynd um nýtt upphaf Davids Beckham í Bandaríkjunum en sem kunnugt er fluttist hann til Los Angeles í sumar til þess að leika með LA Galaxy.

**19.50 England - Sviss** (Vináttulandsleikur) Bein útsending frá vináttuleik Englands og Sviss en leikurinn er sá fyrsti sem Fabio Capello stjórnar enska liðinu í.

**21.50 Írland - Brasilía** (Vináttulandsleikur) Útsending frá vináttulandsleik Írlands og Brasilíu.

**23.30 World´s Strongest Man 2007**

**00.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar**

**00.55 England - Sviss** (Vináttulandsleikur) Útsending frá vináttulandsleik Englendinga og Svisslendinga.

## SÝN2

**16.50 Wigan - West Ham** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Wigan og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.

**18.30 Premier League World**

**19.00 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

**19.30 English Premier League** (Ensku mörkin) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**20.30 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.

**21.55 Leikur vikunnar**

**23.35 Man. City - Arsenal** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Man. City og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.00 Skólahreysti** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**15.50 Vörutorg**

**16.50 World Cup of Pool 2007** (e)

**17.45 Dr. Phil**

**18.30 The Drew Carey Show** (e)

**18.50 Less Than Perfect** (e)

**19.00 Skólahreysti** (e)

**20.00 Giada´s Everyday Italian** Að þessu sinni býður Giada vinum sínum upp á klassíska Hollywood mynd með klassískum ítölskum mat.

▶**20.30 Fyrstu skrefin - NÝTT** Í fyrsta þættinum er farið í heimsókn til barna sem búa í sveit, nánar tiltekið til fjölskyldunnar á bænum Tún, en þar búa systkynin Birgitta og Stefán Narfi. Fylgst er með þeirra daglega lífi, farið með þeim í fjósið að mjólka kýrnar, á hestbak og þeim fylgt í skólann.

**21.00 Canada's Next Top Model** (6:8) Kanadísk raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu ofurfyrirsætu. Fimm stúlkur eru eftir og þær fá óvænta heimsókn. Síðan eru teknar af þeim nærmyndir og nú þurfa þær að standa sig í stykkinu.

**22.00 The Dead Zone** (5:12) Fjórða þáttaröðin um Johnny Smith, kennarann sem lá í dái í sex ár og vaknaði með ótrúlega hæfileika.

**22.50 The Drew Carey Show**

**23.15 Bionic Woman** (e)

**00.15 High School Reunion** (e)

**01.15 NÁTTHRAFNAR**

**01.15 C.S.I. Miami**

**02.05 Less Than Perfect**

**02.30 The World's Wildest Police Videos**

**03.20 Vörutorg**

**04.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





Fermingartímabilið okkar hefst á morgun

gallerí sautján
Kringlunni s. 512-1750 – Laugavegi 91 s. 512 1718

retro
Smáralind s. 512 1744

## Í KVÖLD

### SÝN KL. 19.50
### England - Sviss

Það verður seint sagt að það sé ekki athyglisverð viðureign í kvöld á Wembley þegar England tekur á móti Sviss. Undir venjulegum kringumstæðum væri þessi leikur ekki sá mest spennandi en í þetta skiptið fylgjast allir með þessum leik. Í raun má segja að þetta sé tímamótaleikur í enskri knattspyrnu þar sem Fabio Capello er að stjórna liðinu í fyrsta skipti síðan hann tók við því. Aldrei áður hefur Ítali þjálfað enska landsliðið en eftir hrakfarir liðsins í undankeppni EM undir stjórn Steve McClaren er ljóst að stuðningsmenn enska landsliðsins sætta sig aðeins við það besta, hvort sem það er ítalskt eður ei. Þetta er leikur sem enginn má missa af.



### ▶ Við mælum með NIP/TUCK Stöð 2 kl.21

Hollywood er höfuðborg hégómans og þar eru lýtalæknar goð. Æskudýrkun er allsráðandi og draumurinn um frægð og frama í kvikmyndum er hvergi eins trylltur. Hollywood er gullnáma fyrir lýtalækna með réttu samböndin og hér ætla Sean og Christian að slá í gegn.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.20** Söguþula, sögð af einu fífli
**23.05** Gárur

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (117:260)
**16.30 Hollyoaks** (118:260)
**17.00 Hollywood Uncensored** (21:26) Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood. Hér verður öllum spurningum svarað.
**17.25 Comedy Inc.** (1:22)
**17.50 American Dad 3** (17:19)
**18.10 Extreme: Celebrity Under the Knife**
**19.00 Hollyoaks** (117:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi.
**19.30 Hollyoaks** (118:260)
**20.00 Hollywood Uncensored** (21:26) (Hollywood Uncensored) Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood. Hér verður öllum spurningum svarað.
**20.25 Comedy Inc.** (1:22) Sprenghlægilegur breskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
**20.50 American Dad 3** (17:19)
▶**21.10 Extreme: Celebrity Under the Knife** (Svæsnustu lýtaaðgerðir í Holly)
**22.00 Wildfire** (7:13)
**22.45 Totally Frank** (19:26) (Hljómsveitarlíf) Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra.
**23.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst** Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen bjóða upp á spjall. Guðrún Bergmann og Elísabet Jökulsdóttir kíkja við ásamt leynigesti.
**21.00 Mörður** Umsjónarmaður er Mörður Árnason. Hann fær til sín gesti og ræðir stjórnmál og önnur hugðarefni.
**21.30 Mín mál** Ármann hugar að efnahagsmálum þjóðarinnar og fær til sín valinkunna menn til þess að ræða stöðu krónunnar og efnahagslífsins.

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Kontant **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.50** Ha' det godt **13.20** Guld og grønne skove **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** F for Får **15.35** Svampebob Firkant **16.00** AMIGO **16.30** PLING BING **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? 19.00 DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **20.55** Kriminalkommissær Barnaby **22.35** Onsdags Lotto **22.40** OBS **22.45** Seinfeld **23.10** Arbejdsliv - find et job **23.40** SPAM

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Eksistens **11.35** Dávgi - Urfolksmagasin **11.55** Brennpunkt **12.45** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **13.15** Presidenten **14.00** Hemmelig agent på moped **14.25** Sommeren i mitt liv **15.05** Hannah Montana **15.30** Fabrikken **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Svenske slag **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Nysgjerrige Nils **17.10** Ugler i mosen **17.35** Pingu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Melodi Grand Prix 2008 **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** Sporløst forsvunnet **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.50** The Wire **23.45** Viten om **00.15** Kulturnytt **00.25** Du skal høre mye jukeboks

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** På spåret **13.05** Kort möte 1**4.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Packat & klart **16.30** Krokodill **17.00** Lilla prinsessan **17.10** Mod **17.20** Voffy **17.25** Ärnsti **17.30** Loranga, Masarin och Dartanjang **17.45** Loppan och tiden **17.50** Djungelpuls **18.00** Rea **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Tv-stjärnan **20.30** Dubbat **21.00** The Tudors **21.55** Pip **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Om ett hjärta **23.20** Robins **23.50** Entourage **00.15** Sändningar från SVT24




## GAMLA MYNDIN



*„Þetta var lúkkið mitt á þessum tíma. Þetta eru væntanlega Christian Dior-gleraugun mín, sem maður þurfti að spara mikið til að geta lagt út fyrir. Það var mikil sorg hjá dóttur minni þegar hún óx úr grasi, hvað það var lítið eftir í skápunum hjá mér af fötum frá þessu tímabili, því þetta kemur alltaf aftur.“*

Guðný Guðmundsdóttir, konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Myndin er tekin árið 1976.

# Útvarp Stormsker snýr aftur

Sverrir Stormsker er kominn aftur í útvarpið. Þáttur hans Miðjan er á dagskrá frá 16 til 18 á Útvarpi Sögu í dag. „Ég sé um þennan þátt ásamt eðalnáunga sem heitir Halldór Einarsson,“ segir Sverrir. „Hann var aðstoðarmaður minn í þættinum Í messu hjá Stormsker, sem var á útvarpsstöðinni Steríó forðum daga.“ Sá þáttur vakti mikla athygli, ekki síst viðtöl Sverris við Sigurð A. Magnússon og Ástþór Magnússon. „Sigurður vildi meina að ég hefði hellt hann fullan og látið hann röfla einhverja vitleysu, en ég held að ég geti nú ekki hellt neinn fullan, allra síst rígfullorðinn mann eins og Sigurð AA Magnússon. Ástþór hins vegar var í símanum frá London og ég fékk Jóhannes eftirhermu til að leika alla helstu stjórnmálaforingjana á móti honum. Ástþór hélt að hann væri að tala við Ólaf Ragnar og Guðna Ágústsson og Halldór Blöndal og alla þessa garpa og hellti sér af alefli yfir þá og stóð sig mjög vel og þess vegna var hann náttúrulega ekki mjög kátur þegar ég sagði honum eftir þáttinn að hann hefði bara verið að tala við trúð. Það fannst Ástþóri alls ekki fyndið og talaði ekki við mig í langan tíma á eftir. Við erum orðnir vinir aftur í dag og ég fæ hann fljótlega í nýja þáttinn. Verst að hann vill ekki tala um neitt annað en friðarmál og kannski leyfi ég honum það ef hann slakar mér svona eins og helmingnum af þessum fjörutíu milljónum sem hann dregur nú í tösku um allan bæ.“

Fyrsti þáttur Miðjunnar var á dagskrá í síðustu viku. Þá var Hallgrímur Helgason gestur þáttarins. „Það tókst virkilega vel enda er erfitt fyrir Hallgrím að vera leiðinlegur. Í þættinum í dag verður Geiri í Goldfinger gestur okkar. Hann er rífandi skemmtilegur gaukur og menn eflaust tala vel um vini sína femínistana. Hann dýrkar það fólk.“



**SÉR UM MIÐJUNA Á ÚTVARPI SÖGU** Sverrir Stormsker er Miðjumaður með Halldóri E.

Sverrir segir þættina verða aðgengilega á netinu nokkrum dögum eftir útsendingu „ef Arnþrúður leyfir“. Slóðin er www.stormsker.net.

gunnarh@frettabladid.is



**LÁRÉTT**
**2.** íþróttafélag 6. ógrynni 8. spíra 9. rönd 11. fyrir hönd 12. drepsótt 14. ráðagerð 16. bardagi 17. eyða 18. niður 20. ætíð 21. nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** rusl 3. slá 4. plöntutegund 5. sjór 7. þögull 10. þukl 13. sódi 15. korn 16. flana 19. tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. fram, 6. of, 8. ála, 9. rák, 11. pr, 12. plága, 14. áform, 16. at, 17. sóa, 18. suð, 20. sí, 21. arða.
**LÓÐRÉTT:** 1. sorp, 3. rá, 4. alparós, 5. mar, 7. fálátur, 10. káf, 13. gos, 15. mais, 16. asa, 19. ðð.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ásgeir Margeirsson.
2. Ekkert.
3. Boris Tadic.

SIGGI EGGERTS: HANNAÐI PLÖTUUMSLAG GNARLS BARKLEY

# Glatað verkefni fyrir kjánalega hljómsveit

Umslag annarrar plötu dúettsins Gnarls Barkley er hannað af Íslendingi, Sigurði Eggertssyni, eða Sigga Eggerts eins og hann kallar sig í bransanum. „Þetta kom nú þannig til að ég þekki aðeins til Toms Hingstons, listræna stjórnandans á bak við þetta verkefni,“ segir Siggi. „Hann vildi endilega fá mig til að teikna umslagið og eftir smá umhugsun ákvað ég að slá til. Ég var auðvitað með peningamerki í augunum. Stuttu fyrir jól gerði ég nokkrar skissur af umslaginu. Þær voru samþykktar og þá var þetta eiginlega bara komið.“

Siggi er sonur Jónborgar Sigurðardóttur, myndlistarkonu á Akureyri, og Eggerts Halldórssonar, útgerðarmanns í Stykkishólmi. Hann býr og starfar sjálfstætt sem myndskreytir og leturgerðarmaður í London. „Ég útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands fyrir nokkrum árum með gráðu í grafískri hönnun,“ segir hann. „Undanfarna mánuði hef ég verið að gera alls konar fíniríl. Til dæmis stórt mósaíkverk fyrir nýja Nike-búð í New York, myndskreytingar fyrir New York Times og ESPN, mynstur á fatnað fyrir H&M og plaköt fyrir Coca-Cola.“

Siggi hefur gert plötuumslög áður. Hann gerði umslagið á fyrstu sólóplötu Bigga í Maus og gerir umslag næstu plötu ensku poppsveitarinnar The Delays.

Siggi fékk ekkert að heyra af nýju Gnarls Barkle-plötunni sem hann hannaði umslagið við og gæti varla verið meira sama. „Ég hef ekki heyrt neitt af plötunni og ég er ekkert mjög spenntur fyrir því, satt að segja. Mér finnst þetta hálf kjánaleg hljómsveit. En þetta verður örugglega voðalega fínt fyrir fólk sem hlustar á útvarp og dansar á Vegamótum.“

Gnarls Barkley varð heimsfræg árið 2006 fyrir stórsmellinn Crazy. Nýja platan, The Odd Couple, er væntanleg 7. apríl og er hennar beðið með mikilli eftirvæntingu. Siggi segir frekar ólíklegt að verkefnið geri góða hluti fyrir hann á hönnunarbrautinni. „Fólk mun líklega bara halda að ég sé algjört sell-out,“ segir hann. „Ef ég fæ einhver verkefni út á þetta verður það örugglega allt jafn glatað og Gnarls Barkley.“

gunnarh@frettabladid.is




**THE ODD COUPLE MEÐ GNARLS BARKLEY** með alíslensku umslagi Sigga Eggerts.



**GERIR UMSLAGIÐ FYRIR NÝJU GNARLS BARKLEY-PLÖTUNA** Siggi Eggerts var með peningamerki í augunum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Heldur er að hitna í Eurovision-kolum en það mun gleðja marga íslenska Eurovision-fara að hingað til lands eru væntanlegir alþjóðlegu Eurovision-nördarnir Peter, Paul og Jonathan til að fylgjast með lokakeppninni. Tríóið hefur tekið ástfóstri við íslenska Eurovision-menningu og vinátta tekist millum þeirra og íslenskra keppenda og annarra aðstandenda. Þó margir séu að missa sig í einskærum Euro-spenningi reynir **Barði Jóhannsson**, kenndur við Bang Gang, að halda „kúlinu“ og heyrst hefur að muni hann sigra ætli hann ekki einu sinni að fylgja Hóhóhó, we say heyheyhey, út.



Hjarta tónlistarunnenda, þeirra sem sjá DV, tók kipp í gær þegar blaðið greindi frá því á forsíðu að sjálfur **Bob Dylan** væri væntanlegur til landsins. Samkvæmt upplýsingum frá tónleikafyrirtækinu Hr. Örlygi hefur nafn Dylans vissulega komið upp á skrifstofunni en ekki er frágengið að hann troði hér upp. Nú krossa menn fingur og vona að ekki fari með Dylan eins og **Paul McCartney** en fyrir tæpu ári boðaði DV komu hans en ekkert bólar á Paul enn.





- jbg

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND

**Viðskiptasendinefnd til Birmingham**

Dagana 13.-14. mars 2008

**Útflutningsráð skipuleggur viðskiptasendinefnd fyrir ferðaþjónustufyrirtæki til Birmingham í Bretlandi.**

Ferðin er liður í átaki á **markaðssetningu íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja á breska markaðnum**. Boðið verður upp á skipulagða viðskiptafundi ásamt fræðslu um breska markaðinn. Fundirnir munu fara fram á sama stað og sýningin **The Ordnance Survey Outdoors Show** og gefst því fólki kostur á að skoða sýninguna og kynna sér hvað er í boði.

Skráning í ferðina er hafin og lýkur henni **föstudaginn 8. febrúar**.

Áhugasamir hafi samband við Ingu Hlín Pálsdóttur, **inga@utflutningsrad.is** eða í síma **511 4000**.

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

PIPAR • SÍA • 80275

# Íslendingar í Tíbetmaraþon

Ferðaþjónusta bænda býður hlaupagörpum upp á óvenjulegt ævintýri í sumar. 35 manna hópur á vegum ferðaskrifstofunnar mun þá hlaupa maraþon á Tíbethásléttunni í Indlandi, í um 3.650 metra hæð yfir sjávarmáli, en tímaritið Forbes hefur útnefnt umrætt maraþon það erfiðasta í heimi. „Fyrir tveimur árum vorum við með maraþon á Kínamúrnum, en þetta er miklu erfiðara,“ útskýrir Hugrún Hannesdóttir, sölustjóri utanlandsdeildar hjá Bændaferðum.

„Það erfiða við Kínamaraþonið voru allar tröppurnar á múrnum og óslétt undirlag. Í þessu maraþoni er landslagið ekkert erfitt, en hæðin er svo mikil að fólk þarf að fara í töluverða hæðaraðlögun áður en það hleypur,“ útskýrir hún. Það sem erfitt er að vita fyrir fram hvernig slíkar hæðarbreytingar leggjast í fólk mun hópurinn spreyta sig á skemmtiskokki degi fyrir maraþon. „Fólk getur þá breytt vegalengdinni ef þannig ber undir,“ bendir Hugrún á.

Maraþonið fellur undir svokallaðar Hreyfiferðir hjá Ferðaþjónustu bænda og segist Hugrún hafa fundið fyrir því að Íslendingar sæki í auknum mæli í slíkar ferðir í fríum. „Fólk vill fara á áhugaverða staði og hreyfa sig í leiðinni,“ segir hún. Indlandsferðin nær yfir töluvert fleira en fjallamaraþon, því hópurinn mun einnig fara í hestaferð og flúðasiglingu og heimsækja Delí og Taj Mahal, svo eitthvað sé nefnt. Í gær voru einungis þrjú sæti laus í ferðina, og því síðustu forvöð fyrir hlaupagarpa með útþrá að skrá sig. Ferðin kostar rúmar 300 þúsund krónur.

- sun



**AÐSÓKN Í ERFIÐASTA MARAÞON HEIMS** Hugrún Hannesdóttir hjá Ferðaþjónustu bænda segist finna fyrir aukinni eftirspurn eftir ferðum sem innihalda hreyfingu. 35 Íslendingar munu taka þátt í Tíbetmaraþoni á vegum ferðaskrifstofunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hvannadalshnúkur 2008

Leifur Örn miðlar af reynslu sinni og visku í fjallaferðum og kynnt verður skemmtileg dagskrá sem hjálpar þér að komast á toppinn.

**Kynningarfundur í kvöld kl. 20:00**
**í húsakynnum 66°Norður í Faxafeni 12**

Nánari upplýsingar á www.66north.is



FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur

## *Orðrómur deyr*

Hvort sem meðfæddri leti er um að kenna eða áunnu metnaðarleysi, þá sofnar í mér heilinn um leið og farið er að tala um peninga af alvöru og þekkingu. Einkum þegar við sögu koma orð eins og vaxtaálag, endurhverf viðskipti eða veðköll, því þá er verið að tala um hagkerfið á fjarlægri stjörnu en ekki það sem viðgengst í buddunni minni. Til að vera ekki alveg úti að aka hringi ég samt stöku sinnum í verðbréfafólkið í bankanum mínum sem er þaulvant að útskýra flókin mál svo jafnvel börn skilji.

**FRÁ** þessu ágæta fólki sníki ég dálitla fyrirlestra um ýmis hugtök sem nefnd eru hversdagslega í fréttum eins og eðli þeirra eigi að vera á allra vitorði. Fyrir ári hefði ég trúlega óskað þess að erindið við bankann væri að kanna vöxt og viðgang eigna minna, en eftir því sem sigið hefur á ógæfuhliðina á fjármálamörkuðum verð ég æ fegnari mínu einfalda skattframtali. Ég hef ekki sérstakar áhyggjur af því hvort hlutabréfin eru að lækka í verði, nema fyrir hönd íslenska hagkerfisins auðvitað. Persónulega finnst mér samt dálítið fúlt að æsingurinn skuli vera að dala áður en ég eignast svo mikið sem flatskjá.

**ÞVÍ** nú þegar flestar fjármálafréttir eru ótíðindi fer jafnvel okkur smælingjana að gruna það versta. Kannski samanstendur þjóðin ekki af greifum eins og við vorum næstum farin að trúa. Ef til vill var útrásin sem stækkaði okkur öll bara framhlið á leikmynd sem gufar upp án þess að hagnaðurinn millilendi í vasa hinnar venjulegu manneskju.

**UM** langt skeið hefur nefnilega ekki verið í tísku að fjalla um lífskjör þar sem nýir landkrúserar koma ekki við sögu. Íslensk alþýða hefur ekki verið til umfjöllunar, útrásin hefur tekið sviðið. Fyrir einhverja er hjöðnun hennar áþreifanlegur veruleiki en fyrir fleiri er hún hinsvegar bara orðrómur sem deyr.

**ÞVÍ** þótt fáeinir byggi enn sjálfum sér vegleg hús, eins og rataði á forsíðu dagblaðs á dögunum, þá hefur líka frést að bankar séu farnir að halda að sér höndum við lán til nýbygginga. Reyndar sömu stofnanir og töldu fyrir fáeinum árum Íbúðalánasjóð óþarfan, enda væri hinn frjálsi bankamarkaður fullfær um að sinna hlutverkinu. Það var nefnilega það.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er miðvikudagurinn 6. febrúar, 37. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.03 | 13.42 | 17.25 |
| Akureyri | 9.55 | 13.26 | 16.59 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

www.toyota.is




**Land Cruiser.** Tákn um frelsi

Hann er harður, kraftmikill og áræðinn. En þessir eiginleikar færa þér þægindi og frelsi. Rennislétt borgarstræti, torfærar slóðir á hálendinu – þitt er valið. Háþróaður tæknibúnaður og fyrsta flokks innrétting tryggja þér ánægjulega upplifun hvert sem þú ekur.

Kynntu þér tæknibúnaðinn: Tölvustýrð fjöðrun TEMS, og ABS-hemlakerfi með EBD, tveir tveggja þrepa SRS loftpúðar og hliðarloftpúðar – svo eitthvað sé nefnt.

Komdu og reynsluaktu nýjum Land Cruiser.

Verð frá 4.975.000 kr.*

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

*Verð miðast við Land Cruiser 120 LX, túrbó dísil, beinskiptan.
Bíll á mynd er með 33" breytingu að verðmæti 360.000 kr.